

Aðalfundur Landsbanka Íslands hf. 9.febrúar 2007 á Grandhótel.

Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans: Halló, halló, halló ég held að það sé nú að róast þarna frammi þannig að við getum farið að byrja fundinn. Ágætu hluthafar Landsbankans og góðir gestir og ég býð ykkur velkominn á aðalfund Landsbankans á þessu afmælisári, 120 ára afmæli bankans. Nú áður en við höldum áfram þá þurfum við að kjósa okkur fundarstjóra og það vill nú svo til að að alla þessa öld hefur nú sami maðurinn verið fundarstjóri og lungann úr seinustu öld held ég líka þannig að ég ætla að stinga upp á Kjartani Gunnarssyni, varaformanni bankaráðs. En ef að það eru fleiri tillögur þá vildi ég gjarnan heyra þær. (klappað) Ég sé ekki betur en hann sé bara boðinn velkominn, gjörðu svo vel.

Kjartan Gunnarsson, varaformaður bankaráðs: Já, formaður ég þakka margra alda traust. Nú til þessa aðalfundar Landsbankans er boðað í samræmi við 11. grein samþykktu bankans og tilkynningar um fundinn voru sendar 25. janúar, 26. janúar, 31. janúar, 1. febrúar og 7. febrúar og ég lýsi því fundinn löglega boðaðan og löglegan aðalfund Landsbankans fyrir síðastliðið starfsár. Ég vil stinga upp á því að Ársæll Hafsteinsson, yfirlögfræðingur Landsbankans verði fundarritari, eru fleiri tillögur? Svo er ekki þá skoðast það samþykkt og ég bið Ársæl um að taka við. (klappað) Á dagskrá fundarins er skýrsla bankaráðs, ársreikningar bankans, ákvörðun um greiðslu arðs, kosning bankaráðs, kosning endurskoðenda, tillaga um að heimila bankanum að kaupa eða taka veð í allt að 10% af eigin bréfum. Tillögur um breytingar á samþykktum, tillaga um valrétt á hlutabréfum, ákvörðun um þóknun til bankaráðs og önnur mál löglega fram borin. Dagskráin er í gögnum fundarins ásamt helstu tillögum. En nú tekur formaður bankaráðsins Björgólfur Guðmundsson til máls og flytur skýrslu bankaráðs.

Björgólfur Guðmundsson: Ágætu hluthafar, góðir gestir, árið 2006 var sögulegt á sama tíma og Landsbankinn fagnaði 120 ára afmæli sínu urðu vatnaskil í sögu hans. Og það var þegar að erlendar tekjur urðu meiri en tekjur af heimamarkaði. Og þá var þetta besta rekstrarár bankans frá upphafi. Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá einkavæðingu Landsbankans fyrir um 4 árum. Bankinn færir hratt að því marki sem nýtt bankaráð setti í ársbyrjun 2003 um að Landsbankinn yrði öflugur alþjóðlegur banki með djúpar íslenskar rætur. Öll starfsemi fjármálafyrirtækja á Íslandi hefur eflst og dafnað á undanförunum árum. Skiptir þar langmestu stóraukin starfsemi bankanna erlendis. Þeir hafa aukið sjálfstæða þjónustustarfsemi á alþjóðamörkuðum og jafnframt verið öflugir þátttakendur í sókn annarra íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði og stutt við vöxt þeirra. Þessi atvinnugrein, fjármálafyrirtækin, hefur vaxið langtum hraðar en aðrar greinar hér á landi og hefur framlag hennar til þjóðarframléiðslu aukist um 35% frá 2003 og nú yfir í 8% og er nú yfir

8% af þjóðarframleiðslu. Fjármálastarfsemi er í dag sú atvinnugrein sem leggur einna mest til þjóðarframleiðslu, meira en sjávarútvegur og margfalt meira en álframleiðsla svo dæmi séu tekin. Ætla má að þriðjungur hins mikla hagvaxtar hér á landi síðastliðin 5 ár megi rekja til vaxtar fjármálafyrirtækja og alþjóðavæðingar þeirra. Starfsfólki í greininni hefur fjölgað, einkum vel menntuðu fólki sem nú stefnir í nær helming starfsmanna fjármálafyrirtækjanna að þeir hafi háskólapróf. Á síðasta ári einu fjölgaði starfsmönnum fjármálafyrirtækja um nær 800. Af þessu má sjá að bankarnir mæta vel óskum ungs hæfileikafólks, bæði kvenna og karla um áhugaverð og vel launuð störf með möguleikum á að kynnast alþjóðlegu starfsumhverfi. Hinir sameiginlegu sjóðir okkar Íslendinga styrkjast samhliða velgegni fyrirtækja. Fyrir utan miklar tekjur ríkissjóðs af launatekjur starfsmanna fjármálafyrirtækja námu álagðir tekjuskattar bankanna sjálfra um þriðjungi af öllum tekjuskatti lögaðila á árinu 2005. Á síðasta ári nam tekjuskattur viðskiptabankanna þriggja fyrir árið á undan yfir 21 milljarði og hækkaði um nær 10 milljarði frá árinu áður. Af þessu má vera ljóst að fjármálafyrirtæki leggja verulega af mörkum til uppbyggingar okkar samfélags og er það mikið hagsmunamál fyrir þjóðfélagið í heild að starfsskilyrði þeirra verði góð og þau haldi áfram að leggja ríkulega til uppbyggingar samfélagsins. En það er til marks um vöxt og velgengni íslensku bankanna á erlendum vettvangi að íslenskt fjármála og efnahagslíf var snemma á síðasta ári mjög til umræðu á opinberum vettvangi á meðal sérfræðinga matsfyrirtækja og stærstu banka veraldar. Það leiddi til umfjöllunar á öllum helstu fjölmiðlum austan hafs og vestan. Nokkrar efasemdir voru uppi um íslenskt efnahagslíf og hvort full innistæða væri fyrir vexti og velgengni útrásarfyrirtækjanna og þá um leið bankanna. Skyndilega voru íslensku bankarnir í ölduróti sem þeir höfðu ekki áður kynnst og kjör bankanna á skuldabréfamörkuðum versnuðu tímabundið. Þetta var mjög ströng áminning um að Landsbankinn væri hluti af alþjóðlegu fjármálakerfi sem kallaði á ný vinnubrögð og nýja hugsun. En bankinn steig ölduna í þessu róti, tók tillit til réttmætra athugasemda, en leiðrétti misskilning sem gætti í nokkrum mæli hjá sumum þessum nýju aðilum sem hófu að greina íslenskt efnahagslíf á fyrrihluta síðasta árs. Landsbankinn brást við með markvissum hætti og jók til muna upplýsingagjöf til erlendra fjölmiðla og greiningaraðila. Þá losaði bankinn um ýmsar eignir sínar í skráðum félögum, þar á meðal Straumi Burðarási fjárfestingabanka. En án þess að taka undir allt sem sagt var um íslensku bankanna á síðasta ári var gagnrýnin að hluta réttmæt og góð. Hún var viðvörun til allra sem að starfsemi þeirra komu. Óhætt er að segja að Landsbankinn hafi staðið af sér óveður og sé nú sterkari en nokkru sinni fyrr. Afkoman á árinu 2006 var sú besta í sögu bankans, þriðja árið í röð. Innlánsaukning var mjög mikil, hagnaður meiri en nokkru sinni fyrr og stoðir bankans hafa aldrei verið traustari. Þá hefur samþætting allra starfseininga bankans í 15 löndum gengið framur vonum og þar hafa þær skapað forsendur fyrir frekari vexti. Meira en helmingur af hagnaði bankans varð til erlendis en þó var kostnaður þar minni en hér heima. Sést það vel hversu mikilvægt það er að starfsemi bankans sé traust hér heima til að geta sótt fram

ytra, þar er augljóslega lönd að vinna. En rétt er að hafa í huga að afkoma fjármálafyrirtækja á Vesturlöndum var víðast hvar mjög góð á síðasta ári og voru ytri skilyrði í rekstri Landsbankans á margan hátt hagstæð. Við höfum hins vegar enga tryggingu fyrir því að svo verði um alla framtíð. Í góðæri verða bankar að safna til mögru áranna. Mörgum vex í augum mikill hagnaður bankanna, hann er þó ekki meiri en svo að hann mæti kröfum alþjóðlegra matsfyrirtækja um afkomu og styrkleika bankanna sem verða að hafa borð fyrir báru þegar að erfiðleikar steðjar að. Góðar einkunnir matsfyrirtækja tryggja betri lánskjör til banka og viðskiptavina þeirra. Góð afkoma eykur því líkur á að bankinn geti boðið betri kjör í framtíðinni. Góðir gestir, Landsbankinn starfar í 15 löndum og lagar starfsemi sína og þjónustu að aðstæðum í efnahagslífi í hverju landi. Engum blöðum er um að fletta að í engu þessara landa var óróleiki, verðbólga og óstöðugleiki gjaldmiðla meiri á síðasta ári en hér á Íslandi. Slíkar aðstæður eru óheppilegar og auka erfiði og kostnað hjá bönkum og viðskiptavinum hans og stuðla að sóun verðmæta. Á Íslandi hefur Landsbankinn fylgt eftir ákvörðunum Seðlabankans um hækkun stýrivaxta eins og þróun efnahagsmála hefur gefið tilefni til. Öfugt við það sem fullyrt hefur verið í íslenskum fjölmiðlum þá hefur vaxtamunur hér á landi ekki aukist heldur minnkað eins og koma mun fram með skýrum hætti í skýrslu bankastjóranna hér á eftir. Það er því rangt sem heyrst hefur að bankar hafi aukið álagningu sína á þjónustu við almenning og það skýri góða afkomu þeirra. Svo er ekki. Hins vegar má til sanns vegar færa að eftir einkavæðingu bankanna og aukið frelsi í fjármálaviðskiptum hafi aukin ábyrgð verið færð á hendur einstaklingum í samskiptum sínum við fjármálafyrirtæki. Við bjuggum áður við forskrift stjórnmalamanna í fjármálum en búum nú við valfrelsi einstaklinga og þó svo að Landsbankinn hafi farið fyrir öðrum og varað fólk við sumum valkostum á markaði og ávallt lagt áherslu á sparnað tel ég að bankinn geti lagt ríkari áherslu á að fræðslu- og upplýsingastarfsemi en hann gerir nú. Námskeið Landsbankans um fjármál heimila hafa verið mjög vinsæl og hafa staðfest mikla þörf. Umbreytingar síðustu ára hafa fjölgað valkostum almennings til muna og er framboð á þjónustu bæði flókið og fjölbreytt. Það er því mikilvægt að fólk hafi tækifæri til að fræðast og læra möguleikana svo það geti axlað ábyrgð og nýtt sér fengið frelsi. Ég tel því fulla ástæðu fyrir Landsbankann að efla til muna upplýsinga- og fræðslustarf og mun bankinn leita eftir samstarfi við félagasamtök og aðra þá sem ábyrgð bera um þessa framkvæmd. Ég skil fullkomlega og deili áhyggjum af háum vöxtum. En það er ekki við viðskiptabanka að sakast, þar eigum við við og viðskiptavinir okkar sameiginlegan óvin. Óstöðugleiki og verðbólga er meiri mein sem allir þurfa að sameinast um að fjarlægja. Annar bankastjóri Landsbankans sagði á kynningarfundum í London nýverið að það væri þess virði að fórnar milljarðahagnaði bankans í eitt ár ef það losaði okkur við verðbólguna. Það lýsir vel hug okkar og vilja til að takast á við yfirstandandi vanda. Ágætu aðalfundargestir, velgengni íslensku bankanna frá einkavæðingu hefur hvarvetna vakið athygli, hér heima hefur í opinberri umræðu skipt í tvö horn. Þar sem sumir fagna einstökum árangri en aðrir tortryggja og draga í efa ágæti einkavæðingarinnar og

tala um að bankarnir hafi verið gefnir. Rétt er í þessu sambandi að minna á að um tíma var reynt að finna erlenda kaupendur að íslensku bönkunum og meðal annars leitað til erlendra banka víða en áhuginn var þar ekki til staðar. Annað hvort voru þeir of dýrir eða enginn sá tækifæri í framtíð þeirra. Alla vega sendi enginn bankanna inn tilboð. En leyfum okkur að hugsa svo að útlenskir bankar hefðu keypt þá íslensku, ímyndum okkur að til dæmis danskur banki hefði keypt Landsbankann, hvað hefði það þýtt? Hefði á Íslandi ekki orðið fáein útibú starfrækt, hefðu hálaunastörfin orðið til á Íslandi, hefði sá danski stutt íslensk fyrirtæki í útrás sinni, til dæmis í Danmörku, hefði hagnaðurinn skilað sér í íslenskt hagkerfi, hefðu arðgreiðslur skilað sér til íslenskra hluthafa og hefðu tugmilljarða skattatekjur af bönkum og sérfræðingastörfum þeirra skilað sér til uppbyggingar íslensks samfélags? Ég bara spyr, ég spyr þá sem hæst hafa og gagnrýna mest velgengni íslensku bankanna. Mitt svar er skýrt, ég tel að það hafi verið mikið heillaspor fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélagið allt að losa um tök stjórnáráðanna á fjármálaframtækjum landsins og fela þau í hendur einstaklinga og Landsbankinn hefur sýnt það í verki að honum er annt um samfélagið sem hann lifir í. Hann leggur metnað sinn í að starfa í anda viðtekinna viðhorfaum góða stjórnarhætti. Skipan bankaráðs og nefnda á vegum bankans eru samkvæmt reglum Viðskiptaráðs og Kauphallar Íslands og bankinn leggur sig fram um að eiga traust og gott samstarf við Fjármálaeftirlit hvarvetna, í öllum þeim löndum sem bankinn starfar. Landsbankinn hefur verið í forystu fyrirtækja um að sýna í verki samfélagslega ábyrgð og erfitt er að finna fyrirtæki á Íslandi sem leggur eins mikið af mörkum til menningar og menntamála, íþróttar og velferðarmála og Landsbankinn. Bankinn lítur svo á að samfélagsleg ábyrgð sé sjálfsábyrgð. Í litlu landi geta stór fyrirtæki eins og Landsbankinn lagt mikið af mörkum til að gera samfélagið frjótt, auðgandi og skemmtilegt. Stuðla að því að til verði samfélag sem hvetur fólk til góðra verka og gefur af sér mannauð sem byggt er á til framtíðar. Ég sé fyrir mér samfélag þar sem allir ná að þroska sína hæfileika og tækifæri til að nýta þá, aðstaða til þess á ekki að teljast forréttindi. Í okkar samfélagi eiga allir að vera við sama rásmark í upphafi hlaups. En eins og við vitum öll þá hlaupum við mishratt, höldum oft í sitt hvora áttina og rötum misjafnar leiðir en mestu skiptir þó að við komumst ósködduð í mark. Í það mark sem hver og einn velur sér. Ég er þeirrar skoðunar að við höfum aldrei verið eins nálægt því og nú að skapa slíkar aðstæður í okkar samfélagi. Við erum nær því í dag en í upphafi síðasta áratugar þegar stór hluti viðskiptalífs Íslendinga var í fjötrum hafta og einangrunar. Við erum nær því nú en þegar ég var að alast upp í Vesturbæ Reykjavíkur um miðja síðustu öld þegar atvinnutækifæri ungs fólks voru einhæf og fá. Og miklu nær en þegar Landsbankinn hóf starfsemi sína fyrir 120 árum, þegar atvinnulífið hafði lítið þróast um aldir þar á undan. Og sjálfur er ég sannfærður um að við höfum gengið veginn til góðs og mikilvægt er að sveigja ekki af þeirri braut framfara og hagsbóta. Ágætu fundarmenn þann 1. júlí 2006 voru liðin 120 ár frá því Landsbanki Íslands hóf starfsemi sína. Þessa áfanga hefur verið minnst á margvíslegan hátt. Almennungi á Íslandi var boðið til stórrar

afmælisveislu, leiksýningar hafa verið settar upp í útibúum víða um land, listsýningar hafa verið settar upp í útibúum víða um land líka. Listsýningar haldnar erlendis og þá hefur bankinn sett upp sögusýningu sem er í senn saga íslensks atvinnulífs í 120 ár, saga miðbæjar Reykjavíkur og saga þjóðlífs og menningar. Tilgangurinn með hátíðahöldunum í tilefni afmæli bankans er að undirstrika hversu starfsemi Landsbankans er samofin sögu íslensku þjóðarinnar og hversu rætur bankans eru djúpar í íslensku samfélagi. Sterk tengsl Landsbankans við heimamarkað er forsenda árangurs í útrás hans á erlenda markaði og velgengni ytra skapar aukna hagsæld hér heima. Þótt Landsbankinn muni vaxa og eflast á erlendri grund verður hann eftir sem áður fyrst og síðast banki allra Landsmanna með sama nafnið. Hluthafar í Landsbankanum voru við árslok nær 28 þúsund. Verð hlutabréfa sveiflaðist verulega á árinu einkum vegna óróleika sem umfjöllun alþjóðlegra greiningaraðila og fjölmiðla um íslenskt efnahags- og viðskiptalíf skapaði. Á seinni hluta ársins jókst eftirspurn eftir bréfum í Landsbankanum enda sýnir sagan að veltan á þeim er meiri en í flestum öðrum félögum í Kauphöll Íslands. En þrátt fyrir ólgu á mörkuðunum var ávöxtun hlutabréfa í Landsbankanum á síðasta ári um 6%. Meðalhækkun á gengi bréfa í bankanum síðustu 3 árin var hins vegar 68% og frá áramótum og til dagsins í dag hafa hlutabréf í bankanum hækkað næst mest allra í Kauphöll Íslands eða rúmlega 20%. Fyrir þessum aðalfundi liggur tillaga um að hluthöfum verði greiddur 40% arður af nafnverði bréfa í félaginu. En í fortíð sem framtíð eru það starfsmenn Landsbankans sem ráða mestu um framvindu og örlög hans. Nú starfa um 2.100 manns í bankanum, öllum þessum einstaklingum ber að þakka frábær störf á síðasta ári. Til að sýna þakklæti í verki ákvað bankaráð Landsbankans að færa sérhverjum starfsmanni í fullu starfi sem ekki nýtur annarra árangurstengdra greiðslna 300 þúsund krónur í kaupauka, að okkar dómi er það verðskuldað. Ég vil síðan þakka öllum hluthöfum og starfsmönnum Landsbankans samferðina á árinu 2006 og vonast til þess að ferðalag okkar í framtíðinni verði bæði ánægjulegt og giftusamlegt. Þakka ykkur fyrir. (klappað)

Kjartan Gunnarsson: Góðir fundarmenn, ég tek undir þakkir fundarins til formannsins fyrir ágæta skýrslu, það er nokkuð augljóst að við munum sennilega ekki bjóða upp á dönskunámskeið eða fjármálanámskeið á dönsku. En til upplýsingar fyrir fundinn að þá eru mættir 197 aðilar á fundinn og þeir fara með 65% af hlutafé bankans eða fyrir 7 milljarða 66 milljónir 147 þúsund 589 krónur. Að venju hyggst ég sameina dagskrárliðina 1-3 og gef ekki orðið frjálst fyrr heldur en að bankastjórar bankans hafa flutt ræður sínar og fyrstur tekur til máls Halldór J. Kristjánsson.

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans: Fundarstjóri, hluthafar, við ætlum að skipta aðeins umfjölluninni við Sigurjón, ég ætla að reyna að rifja upp árið, umrótið í umræðunni, fara yfir það sem áunnist hefur varðandi samþættingu rekstrareininga og loks fjalla um nýjar fjármögnunarleiðir því það var eitt aðalviðfangsefni bankans á

nýliðnu ári. Sigurjón mun síðan gera grein fyrir afkomu bankans og þróun efnahagsliða. Á árinu 2006, sérstaklega fyrrihlutann þá einkenndist allt starfsumhverfi íslensks efnahagslífs og íslenskra banka af þeirri umræðu sem varð alþjóðlega. Það ber að hafa í huga að umræðan sem fór af stað fór af stað fyrst og fremst vegna áhyggju sem erlendir aðilar höfðu af þróun íslensks efnahagslífs. Síðan var rætt um það hvaða áhrif það hefði á starfsumhverfi bankanna. Hluti af þeirri tengingu var byggður á miskilningi og það var það sem var verkefni okkar allt árið 2006 var að reyna að leiðrétta þann miskilning sem fyrst og fremst varð til vegna rangra tenginga á milli ójafnvægis í íslensku efnahagslífi og þeirra áhrifa sem það kynni að hafa á bankana. Og ég kem að því nokkuð á eftir. Hitt var það að það voru nokkur atriði í starfsemi bankanna sem að við þurftum að taka tillit til, það voru atriði þar sem að við höfðum hugsanlega farið og geyst, kerfið sem heild eða að erlendir aðilar voru ekki tilbúnir til þess að horfa á hlutina með sömu augum og við og þó að við værum ekki endilega sannfærð um það að við þyrftum að breyta öllum þessum þáttum að þá var eðlilegt og rétt hjá okkur að gera það vegna þess að bankinn og bankarnir þurfa að treysta ekki aðeins á staðreyndir og mat heldur líka viðhorf erlendra aðila. Þannig að hluta til vorum við að bregðast við þó við værum ekki að öllu leyti sammála þeim. En ég geri mikinn greinarmun á því annars vegar það sem þurfti að leiðrétta í umræðunni, sem var miskilningur og hins vegar það sem við tókum tillit til af tvíþættum ástæðum og brugðumst við. Fyrsta atriðið sem við gerðum á árinu var að draga úr markaðsáhættu Landsbankans og hún var lækkuð úr því að vera ca. 4-5% af heildareignum og þá mæld sérstaklega áhætta vegna hlutabréfastöðu og við lækkuðum hana í undir 3% og gáfum fyrirheit um að markaðsáhætta bankans myndi verða lægri í framtíðinni en verið hafði síðustu árin. Við höfum staðið við þetta og vel það því að markaðsáhætta hlutabréfa í lok árs var 2,4% af heildareignum, vel undir þeim 3% mörkum sem við höfðum sett. Sá þáttur sem var mest áberandi í gagnrýninni á íslenska bankakerfið var sá þáttur að bankarnir væru orðnir of háðir alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum um fjármagnsöflun. Við þessu gátum við ekki brugðist nema með einum hætti og það var að auka innlán erlendis og auka innlán sem hlutfall af heildarfjárförf. Við getum auðvitað gert fleiri hluti en þetta er meginsvarið sem Landsbankinn ákvað að gefa og við sjáum það hér á eftir að við höfum látið orðin, verkin tala í þeim efnum. Það var einnig í þriðja lagi áhyggjuefni alþjóðlegra greiningaraðila að bankarnir hefðu vaxið of hratt og áhyggjuefnið var, ná bankarnir að samþætta einingarnar, ná bankarnir að halda utan um vöxtinn. Við létum þau boð út ganga strax í byrjun árs að við ætluðum að nota árið 2006 til þess að ná utan um reksturinn, við ætluðum ekki að kaupa fleiri einingar heldur að samþætta og í raun og veru ná utan um vöxt nýliðinna ára. Og reikningarnir bera það með sér að það tókst okkur. Nú fjórði meginþátturinn var einfaldlega upplýsingagjöf og magn þeirra upplýsinga sem við veittum í samanburði til dæmis við norræna banka. Og við jukum í nokkru við upplýsingagjöfina en meginþættirnir voru þó að gera upplýsingarnar aðgengilegri og að vinna meira í því sjálf að kynna

bankann erlendis. Nú alveg sjálfstætt og án tillits til þeirra umræðu sem varð á alþjóðlegum mörkuðum þá ákváðum við sem hluta af stefnu bankans fyrir árið 2006 að styrkja eiginfjárbætti og eiginfjárlutföll og það var gert fyrst og fremst með töku víkjandi lána í byrjun árs 2006 og að ljúka eins snemma eins og við gátum á árinu 2006 endurfjármögnun ársins 2007 og það tókst þegar leið á sumarið. Ef við lítum á þetta myndrænt og förum yfir meginviðburði síðasta árs og berum það saman við það hvernig skuldatryggingarálagið á skuldabréf bankans til 5 ára þróaðist og þið sjáið það á þessari mynd. Þá byrjuðum við í jafnvægi svona í lok ársins 2005 en strax í byrjun árs 2006 fóru þessi álög hækkandi vegna neikvæðrar umræðu. Það sem skipti kannski mestu máli var Fitch skýrslan sem breytti lánshæfismati á Íslandi. Og það rökstyður fullyrðingu mína um það að þetta voru fyrst og fremst umræður um íslensk efnahagsmál sem fóru að hafa áhrif á bankana. Síðan kom frekar neikvæð skýrsla frá Merrill Lynch að hluta til byggð á misskilningi og þið sjáið toppinn sem varð í skuldaálögunum þegar þau fóru að nálgast 100 punkta eftir þá skýrslu. Síðan hófu bankarnir auðvitað sína vörn og sinn málflutning. Við fengum óháða aðila eins og prófessor Mishkin til að fjalla um íslenskt efnahagslíf og skýra það út og þið sjáið hvaða árangur það bar þá þegar um mitt sumar. Það sem breytti hins vegar mestu og hraðast var lántaka Landsbankans í Bandaríkjunum í ágúst en vel heppnuð lántaka þar breytti í raun og veru allri umræðunni um íslenska bankakerfið og lagði til hliðar áhyggjur manna af því að það gæti fjármagnað sig til lengri tíma. Og þið sjáið hvernig skuldaálögin lækkuðu verulega frá ágúst og til loka ársins. Og það var eftirtektarvert að þegar Standard and Poor's lækkaði mat á íslenska ríkið í lok desember þá var búið að upplýsa svo vel um þessi tengsl bankanna og efnahagslífsins að það hafði sáralítill sem engin áhrif á álögin. Nú sem betur fer er jafnvægi að verða í íslensku efnahagslífi eftir þessi umrót ársins 2006. Greiningardeild bankans spáir því að hagvöxtur verði nokkuð lægri og við erum sammála spá fjármálaráðuneytisins þar um nú á næstu 2 árum eða svo en fari þá vaxandi að nýju eins og ég kem að hér á eftir. Nú það gekk eftir sem bankarnir sögðu á alþjóðlegum mörkuðum að við myndum ganga í gegnum þessa sveiflu eins og aðrar án þess að eignaverð eða rekstur yrði fyrir verulegum áföllum. Nú gerum við ráð fyrir því að leiðrétting verði á þessu ójafnvægi fyrst og fremst á árinu 2007 og enn og aftur að það jafnvægi náist án þess að það hafi veruleg neikvæð áhrif hvorki á fjárhag heimilanna né fyrirtækja. Og þið sjáið hér á myndinni til hægri hvernig við reiknum með að viðskiptajöfnuðurinn gangi til baka tiltölulega hratt og nái langtímajafnvægi. Nú leiðrétting krónunnar á árinu 2006 var um 20% eins og þið flest vitið og við teljum að leiðréttingarferlinu sé í meginatriðum lokið. Við teljum að krónan hafi nú náð jafnvægisgengi sínu að minnsta kosti til meðalstíma og þið sjáið á myndinni til hægri að ofanverðu á þessari glæru að við teljum að því jafnvægi sé náð í kringum 90 krónur á evru. Það er ekki þar með sagt að við búumst ekki við sveiflum og það verður að gera mikinn greinarmun á spá okkar og greiningardeildar okkar á jafnvægisgengi til meðalstíma og hugsanlegum sveiflum innan viku eða dags og við megum búast við þeim

sveiflum áfram meðan að aðlögunin er að eiga sér stað. En horfur eru á að okkar mati að jafnvæginu verði náð þegar að líður á árið 2007 og að þá náist verðbólgaþröskulmarkið Seðlabankans þó að það geti orðið þrýstingur síðan aftur á verðbólguna eftir því hvernig framvindan verður í efnahagsmálunum frá 2008 og áfram. Vextir eru háir eins og formaður vék að en sem betur fer teljum við að forsendur séu fyrir því að Seðlabankinn geti lækkað stýrivexti tiltölulega hratt þegar að það ferli getur hafist hvort sem það verður á 1. eða 2. ársfjórðungi. Við sjáum fyrir okkur ferli, eins og þið sjáið á þessum glærum hér, vaxtalækkana framundan svipað því sem varð 2001 og 2002 og að jafnvægi verði náð að nýju miðað við þær staðreyndir sem þá voru svona á árunum 2009 og áfram. Mikilvægur þáttur í þessu er að stýrivaxtaákvæðanir Seðlabankans hafa náð að skila árangri, þær hafa náð að skila árangri líka inn á langtímaendann og það er mikilvæg forsenda þess að það hægi á í efnahagslífinu og við náum tökum á verðbólgu. En það að ná tökum á verðbólgu er auðvitað mikilvægasta hagsmunamál bæði fyrirtækja og heimila ekki síst með þeim umbreytingum sem orðið hafa í skuldsetningu heimilanna en núna er um 85% af skuldum heimilanna í verðtryggðum formum og þess vegna er það allra mikilvægasta fyrir heimilin í landinu að ná verðbólgunni niður. Nú bjartsýni einkennir markaðinn núna í upphafi árs 2007. Í alþjóðlegum samanburði þá er íslenskur hlutabréfamarkaður á sanngjörnu verði, VH-gildin hér eru tiltölulega lág eins og þið sjáið af samanburðartöflunum. VH-gildin hér fyrir áætlaðan hagnað 2007 er um 11,3 á meðan að þau eru allt frá 13 og upp í 17 á nágrannamörkuðum. Almennt er búist við góðri afkomu skráðra félaga þó að reiknað sé með heldur lægri afkomu félaganna að meðaltali vegna þess að gengishagnaður verði trúlega ekki eins hár á árinu 2002 en var 2006 en þið sjáið að VH-hlutföllunum sem reiknuð eru og áætluð að búist er við tiltölulega góðum hagnaði miðað við markaðsvirði fyrirtækjanna. Horfur til lengri tíma teljum við ráðast mjög mikið af því hvað verður um fjárfestingar í stóriðju, um erlendar beinar fjárfestingar hér á landi sem nýta orkulindirnar. Ef við gerum ráð fyrir hóflegri nýtingu orkulindanna áfram að þá gerum við ráð fyrir því að hagvöxtur verði hér aftur í kringum 5% á árunum 2008 til 2010 eins og þið sjáið af tölunum neðst á þessari glæru. En að með því að þessar framkvæmdir verði mun hófstílltari en voru á liðnum árum að þá eigi það ekki að hafa eins neikvæð áhrif á efnahagslífið og að viðskiptajöfnuður eigi að geta náð langtímajafnvægi þegar þeim framkvæmdum er lokið og án þess að setja of mikinn þrýsting á verðbólguna. Horfur á þeim erlendu mörkuðum sem við störfum á eru einnig góðar. Það eru líkur á að hagvöxtur í iðnríkjunum virðist vera að ná langtímajafnvægi sem er mikilvægt fyrir okkar starfsemi á öllum þeim mörkuðum sem við störfum á. Nú ef við lítum sérstaklega á horfur á verðbréfamarkaði, sem er afar mikilvægt fyrir starfsemi okkar þriggja verðbréfafyrirtækja sem starfa um alla Evrópu, þá gerum við ráð fyrir því að hlutabréfahækkningar verði áfram all nokkrar á Evrópumörkuðum árið 2007 þó það verði eitthvað minna en voru á árinu 2006. Nú bankinn starfar á fasteignamörkuðum sérstaklega á Bretlandseyjum og það gætu orðið nokkrar leiðréttingar á fasteignaverði

á þeim mörkuðum þó við búumst ekki við miklum leiðréttingum. En það mun ekki hafa nein áhrif á starfsemi Landsbankans því að við höfum farið mjög varlega í lánveitingar okkar á þeim mörkuðum bæði í Bretlandi eins og við höfum reyndar gert hér á heimamarkaði. Nú almennur góður hagvöxtur sem spáð er í helstu hagkerfum heims mun skapa almennt jákvæðar forsendur fyrir rekstur bankans á þessu ári. Við spáum því að íslensk fyrirtæki muni halda áfram að auka hlut erlendra tekna af heildartekjum og þetta er nú kannski einhver mikilvægasta staðreyndin sem við þurfum að koma á framfæri við erlenda markaði á síðasta ári, bæði það hvað vöxturinn hér heima var mikið drifinn áfram af beinum erlendum fjárfestingum inn í landið og hvað mikið efnahagslífið hér var að breytast vegna mikilla fjárfestinga Íslendinga utan Íslands. Og þið sjáið þróunina á þessum glærum sem annars vegar sýna hina miklu aukningu erlendra fjárfestingahreyfinga bæði inn og út úr hagkerfinu og svo aftur á hægri hlið glærunnar hvað stór hluti tekjumyndunar helstu félaga er orðin utan Íslands. Við erum nú eins og formaðurinn vék að með fjármálaþjónustu í 15 löndum og víkjum fyrst að heimamarkaði. Staða okkar á heimamarkaði er sterk og eins og formaður bankaráðs vék að þá viljum við alls ekki missa athyglina á rekstrinum hér á þessum mikilvægasta markaði okkar. Það er mikilvægt fyrir Landbankann að halda stöðu sinni sem leiðandi kerfisbanki hér á þessum markaði. Við höfum haldið mjög góðri hlutdeild í almennri bankaþjónustu, um og yfir 30% en erum sem fyrr með hærri hlutdeild í fyrirtækjaviðskiptum og hún hefur farið heldur vaxandi. Eignastýringaþjónusta okkar er með þeim öflugustu á innlendum markaði og þar erum við með ca. 34% hlutdeild. Nú við höfum haldið áfram að hagræða í útibúaneti bankans eins og þessi mynd ber með sér en það er fyrst og fremst sú þróun sem við höfum lagt áherslu á er að stækka útibúin, gera þau þannig að þau geti þjónað bæði einstaklingum og heimilum betur en smærri útibú gátu áður. Varðandi stefnu okkar utan heimamarkaðar, þá höldum við áfram að byggja á jafnvægi í þeirri stefnuframkvæmd. Það er að segja að við gerum tvennt í senn, við höldum áfram að stuðla að innri vexti og hugsanlega með kaupum að almennri bankastarfsemi okkar utan Íslands. Kaupa og láta einingar vaxa sem styðja við stöðuga tekjumyndun af starfseminni. Samhliða þessu höfum við haldið áfram að byggja upp evrópsku fjárfestingabankastarfseminna sem við höfum rætt um á fundum hér áður þar sem við leggjum áherslu á að nýta þá reynslu sem Landsbankinn hefur í fjárfestingabankastarfsemi hér heima gagnvart meðalstórum fyrirtækjum til þess að skapa sér markað í Evrópu í samskonar þjónustu. Nú samþætting og framkvæmd þessarar stefnu hefur gengið afar vel en hornsteinar í þessari framkvæmd okkar hafa veirð þeir að kaupa tiltölulega smá fyrirtæki, tiltölulega hófsamar einingar og styðja innri vöxt þeirra. Við höfum einvörðungu keypt fyrirtæki sem eru í góðum rekstri, þar sem við höfum haft trú á stjórnendum fyrirtækjanna og við höfum síðan bætt við starfsfólki, bætt við starfseiningum og stutt vöxt þessara fyrirtækja og þetta hefur reynst okkur afar vel. Við höfum síðan náð að ná út jákvæðum samlegðaráhrifum að rekstri erlendu fyrirtækjanna og þeirri þjónustu sem móðurfélagið getur veitt. Þetta er yfirlitsmynd yfir

Það hvar við erum stödd í að byggja upp evrópskan fjárfestinga- og verðbréfa, fjárfestingabanka og verðbréfaþjónustu. Við erum með verðbréfamiðlun og greiningar um alla Evrópu eins og þið sjáið og söluskrifstofu í Bandaríkjunum. Við munum bæta við og það munum við sjá gerast fyrst í þessari þróun, bæði fyrirtækjaþjónustu sem er dálkur nr. 2 og fyrirtækjaráðgjöf þar sem þið sjáið að við erum að bæta við nú þegar í nokkrum löndum eða undirbúa slíkt. Þetta verður kjarninn í uppbyggingunni okkar alþjóðlega. Þessu verður einnig fylgt eftir með aukningu á eignastýringu og einkabankaþjónustu sem þó hefur eins og þið vitið miðstöð sína af okkar hálfu í Lúxemborg. Varðandi önnur, aðra fjármálaþjónustu þá munum við bæta henni við hvort sem það afleið eða gjaldeyrismiðlun í raun og veru eftir því sem fyrirtækjaþjónustan þarf á að halda og hún þróast á þessum mörkuðum. Fjárstýringin verður heima það teljum við afar mikilvægt að heildarfjárstýring sé á einum stað. Nú einstaklingaþjónusta og sértæk útlánastarfsemi er fyrst og fremst hér og á Bretlandseyjum. Við munum auka það eftir því sem tækifæri eru til en það er fyrst og fremst á sviði innlána þar sem við munum hratt fara í fleiri Evrópuríki eftir því sem aðstæður skapast og kem ég að því hér á eftir. Til að bæta við fáeinum staðreyndum varðandi framþróun í fjármálaþjónustu sem formaður vék að hér áðan og það sem er mikilvægast í því er hvað framlag fjármálageirans til landsframleiðslu hefur verið að aukast mikið og það er sýnt myndrænt hér að aukningin hefur verið úr 4% árið 1998 í 8% árið 2006. Það má ætla að þetta sé að gerast vegna þess að til dæmis sjávarútvegur eða áliðnaður er að dragast saman en það er alls ekki svo. Það er hægfara vöxtur í báðum þessum greinum en mikilvægi fjármálageirans skýrist fyrst og fremst af þeim hraða vexti sem hefur verið í fjármálaþjónustunni umfram vöxt í annarri starfsemi hér á landi. Það hafa verið sköpuð hálaunastörf það sést best á því að fjármálageirinn nýtir 4% af vinnuaflinu en greiðir 6% af heildarlaunum og það talar skýru máli. Til að bæta örlítið við varðandi skilvirknina og hvernig hún hefur skilað sér til neytenda þá hefur kostnaðarhlutfall í bankastarfsemi hér á landi farið verulega lækkandi. Það og aukið hagræði í starfseminni hefur skilað sér til viðskiptavina. Vaxtamunur hefur lækkað úr 4,3% í 2% á 10 árum. Þetta er að sjálfsögðu heildarvaxtamunurinn í allri starfsemi bankakerfisins sem þarna er sýndur. En það er hægt að fullyrða að vaxtamunurinn í hinni almennu bankaþjónustu hefur lækkað alveg samsvarandi eins og heildarlækkunin gefur hér til kynna. Það hefur einnig verið mikið rætt um þjónustugjöld og bara tvær einfaldar staðreyndir að lokum um þau atriði. Við gerðum samanburð, bankakerfið, Samtök banka og verðbréfafyrirtæki á þjónustugjöldum hér á landi annars vegar og þjónustugjöldum á Norðurlöndum og það sýndi sig gagnstætt því sem marg er haldið fram hér í umræðu að af 27 þjónustuleiðum sem voru kannaðar og eru megin þjónustuþættir banka voru í 23 tilvikum lægri þjónustugjöld á Íslandi heldur en að meðaltali á Norðurlöndunum eða í um 85% tilvika. Þetta eru staðreyndirnar. Og heildargjöld meðal viðskiptavina í Danmörku, Svíþjóð og Noregi svo við tókum 3 lönd sem dæmi eru 62% hærri en hér á landi. Ég held að ég láti þessar einföldu staðreyndir nægja. Það er til marks um styrk íslenska bankakerfisins og

bankanna að af 10 stærstu norrænu fjármálastofnununum og þá er bara lítið til bankastarfseminnar þá eru 3 íslenskir bankar, Landsbankinn, Glitnir og Kaupþing. Á þessum lista er einn norskur banki og 2 danskir. Og það verður að hafa það í huga þegar að tafla eins og þessi og árangur eins og þessi er skoðaður að Ísland er 1% af íbúafjölda Norðurlandanna. Nú ég vil ljúka minni kynningu á því að fara örstutt yfir fjármögnun ársins 2006. Því að þrátt fyrir neikvæða umræðu um íslenska fjármálakerfið og íslenskt efnahagslíf þá tókst heildarútgáfa á skuldabréfum afar vel. Bankinn gaf út um 4 milljarða evra á alþjóðlegum mörkuðum og tókst að gera það með því jafnframt að lengja endurgreiðsluferil markaðsskulda bankans. Það ásamt mjög vel heppnuðum innlánsformum í Bretlandi hefur gert það að verkum að lausafjárstaða bankans hefur styrkst mjög. Og við höfum nefnt sem dæmi í alþjóðlegu umræðunni að langtímaskuldir Landsbankans á gjalddaga 2008 og 2007 eru samtals 3,3 milljarðar. Um síðustu áramót áttum við 7,2 milljarða evra til að mæta þessum skuldbindingum. Og staðan hefur aldrei verið sterkari en hún er nú. Góð þróun á innlánþjónustu okkar erlendis gerir það síðan að verkum að við erum mun minna háðir alþjóðlegum mörkuðum varðandi skuldabréfaútgáfu á árinu 2007 heldur en við höfum verið mörg nýliðin ár. Við þurfum einvörðungu að afla ca. 2 milljarða evra í langtímalánum á árinu 2007 borið saman við um 4 milljarða 2006 og yfir 5 milljarða árið 2005. Það er einnig rétt að vekja athygli á sérstöðu Landsbankans varðandi þessa þróun alla. Ef þið skoðið þessa mynd sem er hér á glærunni, nákvæmlega þá sjáið þið ef þið fylgist með bláu línunni sem er skuldatryggingarálög Landsbankans að í upphafi árs vorum við með svipuð álög og KB-banki en Glitnir var lægstur. Þegar kom fram að miðju ári þá voru Kaupþing með mestu álögin og mesta metna áhættu, Landsbankinn mitt á milli og Glitnir aftur neðst. Þið sjáið ef þið lítið á lok árs og núna í upphafi þessa árs þá er Landsbankinn metinn á markaði sem með jafn lægstu áhættuna og Glitnir sem er mikil breyting á einu ári ef borið er saman við bankana hér á markaði. Mesta breytingin í starfsemi Landsbankans á árinu 2006 voru aukin alþjóðleg innlán. Landsbankinn heldur áfram að vera leiðandi hér á heimamarkaði með yfir 30% hlutdeild en það sem hefur breyst hraðast er innlánastarfsemi okkar á Evrópumörkuðum. Við höfum innlánastarfsemi í Hollandi í Amsterdam, hún hefur gengið afar vel. Við höfum einnig og jukum mjög innlánastarfsemi í útibúinu okkar í London. Áfram hefur verið haldið útlánum í Heritable bankanum, Landsbankanum Lúxemborg og við keyptum einnig á árinu Offshore innlánabanka á Gurnsey. Allt þetta starf skýrir þá miklu breytingu sem hér kemur fram. Það er að innlán viðskiptavina sem hlutfall af heildarútlánum bankans hefur vaxið úr því að vera 34% í 47% á einu ári. Og þetta er ótrúleg breyting í uppbyggingu efnahagsreiknings Landsbankans. Þessi alþjóðlegu innlán skjóta styrkari stoðum undir áframhaldandi vöxt Landsbankans. Það sem að var markverðast í allri þessari starfsemi var nýr innlánareikningur Landsbankans í Bretlandi sem við fórum af stað með 10. október síðastliðinn. Þar fórum við fram með reikning undir nafninu I Save. Þetta var mjög vel hannaður reikningur og honum var tekið afar vel. Þið sjáið af

fyrirsögnunum sem við höfum valið úr nokkrum breskum stórbloðum hér til að sýna ykkur hversu vel reikningnum var tekið. Það var sambland af því að reikningurinn hafði góð kjör, hann hafði skemmtilega tilvísun til Íslands og öryggis og langtímafyrirheit um kjör sem gerði það að verkum að þetta er einn umtalaðasti og vinsælasti innlánsreikningur á Bretlandseyjum í dag. Nú þegar hafa verið stofnaðir yfir 50 þúsund reikningar og við höfum náð 1,6% milljörðum punda inn á þetta reikningsform á örfáum mánuðum. Vöxturinn er afar hraður og það hefur verið stöðug vikuleg aukning í innlánunum alveg frá upphafi. Bretland er reyndar afar góður markaður fyrir innlánsstarfsemi því að sparifé einstaklinga í Bretlandi er yfir 800 milljarðar punda og árlegt innstreymi af nýjum innlánum frá einstaklingum er um 40 milljarðar punda. Þannig að við þurfum ekki mikla hlutdeild af þessari aukningu til að ná öllum þeim markmiðum sem Landsbankinn hefur sett sér í innlánamálum og gott betur. En þetta tel ég vera mestu breytinguna og það kemur betur fram hér á eftir hjá Sigurjóni að þessi árangursríka innlánsstarfsemi hefur breytt forsendum efnahagsreiknings og styrkt stoðir áframhaldandi vaxtar Landsbankans. Þakka ykkur fyrir. (klappað)

Kjartan Gunnarsson: Ég þakka Halldóri J. Kristjánssyni fyrir og bið þá Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóra um að taka við.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri: Já, fundarstjóri, ágætu hluthafar og aðrir gestir. Eins og margoft hefur komið fram hér í dag þá erum við starfandi í 15 löndum í dag. Það segja að minnsta kosti Skotarnir því að það er svona skilgreiningaratriði hvort þetta er 14 eða 15. En vegna þess að við erum með smá starfsemi í Edinborg þá tölum við venjulega um 15 bara fyrir þá. En horfum bara svona aðeins á þessa mynd sem við erum hérna með fyrir framan okkur og er hérna stór hér fyrir miðju þá sjáum við sem sagt að Landsbankinn er eins og ég segi í 15 löndum og meira segja í nokkrum löndum er hann með starfsemi á fleiri en einum stað. Í Bretlandi erum við í London, við erum í Birmingham, við erum í Manchester, Edinborg, á Írlandi erum við bæði í Dublin og Cork og í Sviss erum við bæði í Genf og Zürich. Þannig að breytingin á Landsbankanum er ótrúleg ef þið hugsið út í það á tiltölulega skömmum tíma. Og þetta endurspeglast allt síðan í þeim tölum sem ég sýni hér á eftir um hvernig bæði efnahagurinn og reksturinn er að breytast samhliða þessum breytingum og samt erum við í rauninni kannski bara rétt að byrja. Á þessari mynd hér sjáið þið 4 kökur sem sýnir svona kannski í stuttu máli svona yfirlit yfir Landsbankann í einhverjum skilningi. Hérna efst eða sem sagt efri línan þá sjáið þið tekjur eftir landsvæðum, 48% Ísland, Írland og Bretland 21%, Lúxemborg 6% og önnur lönd í Evrópu, eða sem sagt meginlandi Evrópu 25%. Og það er kannski í rauninni það sem er athyglisvert við ef maður er að skoða Landsbankann hvað við erum í rauninni lítið í Skandinavíu að minnsta kosti enn sem komið er. Tekjurnar hins vegar eftir gjaldmiðlum eru aðeins öðruvísi, þó að tekjur af Íslandi séu 48% af tekjunum þá í íslenskum krónum er ekki nema 38% og það stafar einfaldlega af því að það er mjög algengt að öll

Útflutningsfyrirtækin hér á Íslandi þau taka auðvitað lán í erlendum myntum og þar af leiðandi höfum við tekjur af þeim í erlendum myntum. En íslenska krónan er engu að síður aðalmyntin okkar með 38%, evrur 28%, pund 17% og ýmsar aðrar myntir 17% einnig. Hvað fjölda stöðugilda varðar þá er rétt um 61% á Íslandi og tæp 40% á meginlandi Evrópu og hvað eignir varðar, það er að segja útlánin þá eru 62% sem tengist Íslendingum en það þýðir ekki endilega að það sé íslensk áhætta í þeim skilningi því að auðvitað eru mörg af þessum íslensku fyrirtækjum orðin mjög alþjóðleg eins og kom hér fram áðan og í rauninni er þar af leiðandi kannski áhættan það er að segja á íslensku efnahagslífi mun minni. Hvað Bretland og Írland varðar þá er það 18%, Lúxemborg 15% og önnur lönd í Evrópu 5%. Förum þá í tölurnar, í stuttu máli þá var síðastliðið ár metár í sögu Landsbankans, við erum að tala um það að hagnaður fyrir skatta var rétt tæpir 45 milljarðar og um 40 milljarðar eftir skatta. En það svarar til 40% arðsemi fyrir skatt og 36% eftir skatt. Kostnaðarhlutfall 43%. Við höfum tilhneigingu til þess að sýna eða svona tala um hvernig afkoma bankans er óháð öllum gengishagnaði af hlutabréfum. Á sínum tíma gerðum við þetta ekki og þá urðum við venjulega fyrir því að allir sögðu að þetta væri ekkert að marka þessa afkomu hjá okkur vegna þess að þetta væri bara alltaf hagnaður af hlutabréfum og eina sem við gátum gert þá var í því var bara að sýna þá hvernig lítur bankinn út ef hann myndi ekki vera í þessari hlutabréfastarfsemi og það er það sem kallað er svokallaður grunnrekstur eða grunnafkoma og það er þegar maður fjarlægir út allan gengishagnað af hlutabréfum og skuldabréfum og gjaldþrengingum og öðru slíku en setur inn í staðinn þann kostnað sem maður hefur af því að eiga þessi hlutabréf. Því að auðvitað kostar það að fjármagna slíkar stöður og þá kemur það þannig út fyrir Landsbankann að við erum að tala um tæpa 29 milljarða sem samsvara arðsemi upp á 26% og það er leitun að bönkum í Evrópu sam ná slíkri grunnarðsemi. Nú hvað varðar það að þegar maður byrjar að skoða reikninginn fyrir síðastliðið ár og byrjar að bera það saman við árið 2005 þá skiptir miklu máli að átta sig á því að bankinn er að breytast mjög hratt. Í fyrsta lagi þá eru þau dótturfélög sem við keyptum á árinu 2005 komu inn í reikningana 2005 jafnt og þétt, sérstaklega á seinni hluta ársins 2005 en eru inni að fullu á árinu 2006. Í öðru lagi skiptir líka máli að gera sér grein fyrir því að það voru miklar sveiflur á herna gjaldmiðlinum okkar, íslensku krónunni. Sem dæmi þá kostaði ein evra 75 krónur tæpar í upphafi árs 2006 og var komin í tæpar 94 í árslok en að meðaltali var verið í kringum 88 krónur og núna í morgun þá var gengið í kringum 88. Og þetta auðvitað hefur áhrif á stækkun bankans á síðastliðnu ári því að mikið af eignum hans er í erlendum myntum og því er það þannig að bankinn sem var rétt yfir 1.400 milljarðar í upphafi ársins 2006 endaði í 2.173 milljörðum, hluti af því var auðvitað raunverulegur vöxtur en hluti af því var einfaldlega vegna þess að krónan veiktist og við áttum eignir í erlendum myntum. Eigið fé í lok árs var 144 milljarðar en það samsvarar svokölluðu eiginfjárlutfalli A upp á 13% og heildareiginfjárlutfalli eða CAD-hlutfalli upp á tæp 15. Á þessari mynd hér ef ég næ að benda herna þá sjáið þið svona yfirlit, svona hjartað yfir

tekjur og gjöld bankans. Í stuttu máli þá erum við að tala um það að heildartekjur bankans voru tæpir 90 milljarðar, til samanburðar rétt rúma 60 á árinu á undan og var aukningin 28 milljarðar. Í því samhengi skiptir mestu máli að horfa á vaxtatekjurnar, aukninguna í þeim og þjónustutekjum, það eru þessar tölur hér, það er 18 og hálfur milljarður í vaxtatekjum í aukningu og í hérna þjónustutekjum erum við að tala um 11 og hálfan. Samtals eða rétt um 30 milljarða. Á móti þessum tekjum hér þá erum við um þennan kostnað hérna sem er af stærðargráðunni 17 milljarðar. Þannig að í einhverjum skilningi þá eru undirliggjandi tekjur þarna að aukast um 12-13 milljarða bara á árinu. Ég endurtek aftur 12-13 milljarða. Ég veit ekki hvort að menn gera sér grein fyrir því að ef þið takið fertugasta stærsta fyrirtæki á Íslandi þá er það veltan, svona 10-11 milljarðar er veltan á fertugasta stærsta fyrirtæki á Íslandi. Þarna er ég bara að tala um undirliggjandi hagnaðaraukningu á einu ári. Bara þannig að maður setji hlutina í samhengi hvað er að gerast í fyrirtækinu okkar sem að við eigum hérna öll saman. En á mynd lítur þetta svona út, í fyrsta lagi vaxtamunurinn hann hefur hérna heldur farið lækkandi, hann er nokkurn veginn óbreyttur milli síðastliðinna ára, reyndar er ekki alveg að marka það vegna þess að maður þarf að huga að því þegar að vaxtamunur er reiknaður þá skiptir máli samsetning eignanna. Og það sem við vorum að gera á síðastliðnu ári þá vorum við að minnka hlutabréfastöðurnar okkar og þar af leiðandi minnkar fjármagnskostnaðurinn af að eiga hlutabréf og við það fer vaxtamunurinn eins og hann er reiknaður út örlítið upp en undirliggjandi vaxtamunur var í rauninni heldur að fara niður og ég myndi meta það þannig að við eigum að gera ráð fyrir á þessu ári sem er að hefjast núna þá séum við að vinna með kannski stærðargráðuna 2,1 til 2,15. Bara þannig að menn átti sig á því hvað skiptir miklu máli hvernig þessi vaxtamunur liggur að þá er það þannig að ef vaxtamunurinn væri 1% hærra væri til dæmis 3,26 en ekki 2,26 þá hefði hagnaður Landsbankans ekki verið af stærðargráðunni 40 milljarðar heldur af stærðargráðunni 60 milljarðar. Þannig að oft í umræðu þá heyrir maður talað um einhvern 8 eða 10% vaxtamun ef það væri rétt þá væri hagnaður Landsbankans að stærðargráðunni svona 150 milljarðar. Þannig að umræðan oft í kringum þessa hluti er alveg með ólíkindum og maður bara skilur ekki hvað eiginlega oft er í gangi. En stærðargráðan er sem sagt 2,26 fyrir síðastliðið ár og við áætluðum að fyrir þetta ár þá liggi þetta á stærðargráðunni 2,1 til 2,15 sem undirliggjandi vaxtamunur. En reyndar er það þannig að á árinu 2007, svo ég kannski komi aðeins inn á það, af því að það var vísað í mig hérna áðan þar sem var sagt að annar bankastjóri, sem var ég, væri alveg tilbúinn til að tapa stórfé á verðbólgunni á næsta ári, gefið af því að við myndum þá losna við hana. Því það er þannig að á árinu 2007 þá eru allar líkur á því að við munum tapa á því að verðbólgan lækki á stærðargráðunni kannski 5-6 milljarðar. Og eins og ég segi bara aftur, ef það er það sem þarf þá munum við gera það með glöðu geði. Því það er ekkert mikilvægara fyrir banka og þjóðfélag en að það sé jafnvægi í málunum. Efn hvað vaxtatekjurnar varða þá litu þær svona út og hérna sjáið þið aukninguna, tæpir 42 milljarðar auknir frá 23 upp í 41,5 og 59% tengist íslenskum

aðilum. Þegar við skilgreinum íslenska aðila þá þýðir það það að þetta eru fyrirtæki sem hafa íslenska kennitölu en starfsemin kannski er að litlu leyti á Íslandi í mörgum tilfellum. En hérna sjáið þið hvernig þetta er búið að þróast. Við erum að tala um það að á árinu 2002 sem er síðasta árið fyrir einkavæðingu er stærðargráðan á vaxtamuninum um 8 milljarðar enda er bankinn þá held ég 8 sinnum minni heldur en hann er í dag. Hvað þóknunartekjurnar varðar eru þetta 28 milljarðar og skiptingin er þannig að 39% myndast á Íslandi og 61% erlendis. Og þetta er ástæðan fyrir því að tekjurnar eru ca. 50/50. Við erum með hlutfallslega meira af eignum sem tengist íslenskum aðilum en hlutfallslega minni tekjur sem tengjast þjónustustarfsemi hvers konar. Það er öfugt hlutfall sem sagt hér. Hvað gengishagnað varðar þá erum við að tala um 19 og hálfan milljarð og þið sjáið hérna á myndinni hvernig þetta skiptist á milli hlutabréfa, skuldabréfa og gjaldeyris. Þunginn af þessu liggur í hlutabréfastöðunni, hitt eru tiltölulega litlar tölur í samanburði en allt í allt skiptist það þannig að við höfðum 35% af íslenskum hlutabréfum og 65% eru ýmis erlend hlutabréf sem við áttum á síðastliðnu ári. Þannig að allt í allt er eins og ég sagði í byrjun þá erum við að tala um 89 milljarða, aukningin er 28 milljarðar. Það eru 30 milljarðar í undirliggjandi tekjum en gengismunurinn sem var ja í rauninni nokkuð góður á síðasta ári eða 19,5 milljarðar sem samsvarar um 35% arðsemi en var engu að síður lækkun á milli ára því það var ennþá betri árangur árið 2005. Hvað kostnaðinn varðar þá er heildarkostnaður um 38 og hálfur milljarður, aukning um 17 en það eru þessir 17 hérna sem maður á að hugsa um á móti þessum 30. Þannig á mynd lítur þetta svona út. Það er svokallað kostnaðarhlutfall bankans, það er að segja hvað fer stór hluti af þeim tekjum sem við öflum í kostnað, það er hérna rauða myndin, var hérna 61% var komið niður í 34% árið 2005, er 43% á þessu ári. Þetta er þegar maður reiknar inn bara kostnaðinn á móti öllum tekjum, þar með talið allan gengishagnað, þannig að það kannski ruglar myndina þegar það eru miklar sveiflur tekjumegin vegna gengishagnaðar. En þegar maður fjarlægir það út og reynir að horfa á einhvers konar grunnkostnaðarhlutfall þar sem er horft framhjá öllum gengishagnaði þá sjáið þið hérna svörtu súlurnar og er 53% stærðargráðan í dag. Nú þá förum við upp á milli ára og hver er ástæðan fyrir því? Það er vegna þess að við vorum á árinu 2005 að kaupa einingar á meginlandi Evrópu sem einkum og sérílagi framleiða þóknunartekjur. Og það liggur í hlutarins eðli að kostnaðarhlutfall í slíkri starfsemi er mun hærra heldur en í hefðbundinni bankastarfsemi þar sem stór hluti af tekjunum kemur vegna þess að maður er að nota eignir og eigið fé. Og undirliggjandi kostnaðarhlutfall sem við vorum að kaupa var umtalsvert hærra og reyndar gerðum við ráð fyrir því svona með áætlanir að við áttum von á því að þetta væri af stærðargráðunni 54 og þess vegna höfum við alltaf bara haldið okkar markmiði 55 en vorum í rauninni rétt undir því með 53 á síðastliðnu ári. Annað sem skiptir máli varðandi afkomu bankans það er svokölluð virðisrýrnun útlána eða þeir peningar sem við þurfum að leggja til hliðar til þess að mæta útlánatöpum framtíðarinnar og þeirra tapa sem við erum að verða fyrir á sérhverjum tíma. Á síðastliðnu ári vorum við að

leggja til hliðar um það bil 6 milljarða en það samsvarar 0,37% af útlánnum bankans í lok ársins. Þetta hefur farið lækkandi mjög á undanförunum árum og það á sér einfalda skýringu í þessari mynd hér. Hér sjáið þið hvernig vanskil bankans eru búin að þróast á undanförunum árum. Þau eru í dag í kringum 0,2% af heildarútlánnum en það svarar til þess að um 3 milljarðar af okkar 1.400 og eitthvað milljörðum eða 3 milljarðar eða 0,21% af okkar útlánnum er í 90 daga vanskilum eða meira. Ef við horfum á vanskil miðað við 0 daga þá erum við að horfa á 7 og hálfan milljarð eða hálf tólf prósent af útlánnum. Á móti þessu þá er búin að leggja til hliðar og taka í gegnum reksturinn og byggja upp sjóði til þess að mæta þessu, ja mæta mögulegum útlánatöpum af þessum sökum upp á 16,6 milljarða eða 1,07% af útlánnum og erum klárlega með langsterkasta afskriftasjóðinn af þessum bönkum sem starfa hér á landi. Þannig að við eigum 16,6 milljarða til þess að eiga upp á móti framtíðarútlánatöpum og heildar vanskilin miðað við 0 daga eru þarna tæpir 8. Og þið sjáið náttúrulega á þessari mynd hvernig þetta er búin að þróast á undanförunum árum, þetta er búin að lækka mjög hratt og örugglega og á sér auðvitað margar ástæður. En auðvitað er ein ástæðan sú að það hefur gengið vel í efnahagslífinu á Íslandi þannig að ég myndi gera ráð fyrir því að menn eigi að líta sem svo á að á árinu 2006 þá séum við að skrapa botninn og það sé ekki ráðlegt að gera ráð fyrir að þetta lækki mikið frekar. En ég væri mjög hissa ef þetta myndi rjúka upp þessar hæðir sem við erum að sjá þarna á árinu 2001 og 2002. Þá myndi ég vera hissa en ég væri jafn hissa í rauninni ef þetta myndi haldast þetta lágt miðað við hvernig ástandið er að þróast hér á Íslandi. Hvað hagnaðinn varðar þá lítur þetta svona út, bláa súlan er hagnaður eftir skatt og rauða súlan er hagnaður fyrir skatt eða svarta súlan kannski á skjánum hjá ykkur, hún er blá hjá mér. Þá er þannig að við erum með 40 milljarða eftir skatt eins og ég sagði áðan, með 45 fyrir skatt til samanburðar við 25 á síðasta ári. Þannig að hagnaðaraukningin er 15 milljarðar og til samanburðar má geta þess að ef ég man rétt þá held ég að eigið fé bankans hafi verið að stærðargráðunni 15 eða 16 milljarðar í árslok 2002. Þannig að hagnaðurinn á síðasta ári er jafnmikill og hagnaður fyrstu 116 árin. Hvað arðsemi varðar þá lítur þetta svona út eins og sagði áðan það er 40% fyrir skatt 36% eftir skatt og við erum búin að vera með mjög góða arðsemi á undanförunum árum. Það sem meira máli skiptir þó er að gera sér grein fyrir því að þrátt fyrir þessa miklu arðsemi sem við erum að horfa á hér þessi 36% þá er bankinn með í rauninni mjög mikið eigið fé undir. Það má í einhverjum skilingi jafnvel segja að hann sé með of mikið eigið fé. Það er að segja við erum með meira eigið fé heldur en við þurfum akkúrat fyrir reksturinn í dag. Það er að segja við erum eigið fé extra til þá að geta fjárfest. En það auðvitað hefur áhrif á arðsemina. Þannig að í einhverjum skilningi er undirliggjandi arðsemi ennþá meiri ef eitthvað er. Á þessari mynd sjáið þið hvernig tekjurnar skiptast bæði eftir löndum og tegund ef svo má að orði komast. 46% af okkur tekjum eru sem sagt vaxtatekjur, 32% eru þjónustutekjur og gengismunur er 22%. Ég var áðan búinn að minnst á hvernig tekjurnar skiptast milli landa. Á þessari mynd sjáið þið hvernig tekjur

skiptast eftir hvað á ég að segja viðskiptalínunum eða starfspáttum. Allt í allt eru tekjurnar auðvitað 90 milljarðar og hagnaðurinn 45 fyrir skatta eins og ég sagði áðan. En þið sjáið þarna að það sem við köllum viðskiptabankastarfsemi það er útibúastarfsemin á Íslandi, plús SP-fjármögnun, plús það er kallað Heritable banki í Bretlandi sem er um 8 milljarðar fyrir skatta, fyrirtækjaviðskipt á Íslandi og í Bretlandi, Hollandi og öllum þessum löndum sem við störfum í rétt um 16 milljarðar. Verðbréfaviðskipti hvers konar um alla álfuna og á Íslandi rétt tæpir 20 og eignastýring og sérbankaþjónusta um 3 milljarðar. Síðan er einn og hálfur milljarður í kostnað sem ekki hefur tekist að dreifa á starfseiningarnar eins og allir vita þegar á að dreifa út sameiginlegum kostnaði þá er oft erfitt að koma honum fyrir og þar af leiðandi er 1 og hálfur milljarður sem er ekki búið að skipta út. Reyndar á það sé ákveðna skýringu því að hálfu leyti tengist þetta því að á síðastliðnu ári þá lagði bankinn til hliðar rétt tæpar 700 milljónir til þess að gera upp og styrkja lífeyrissjóð starfsmanna eða sem sagt Lífeyrissjóð bankamanna en í þeim sjóði eru allir starfsmenn Landsbankans og það var verið í rauninni að styrkja hann hvað þann þátt varðar sem snýr að þeim sem voru starfsmenn bankans fyrir hlutfjárvaðingu hans en þar var ákveðinn halli og þrátt fyrir að bankinn teldi sig ekki þurfa að gera þetta með lagalegum hætti þá var það engu að síður gert og lagt til hliðar 700 milljónir af því og undir það flokkast helmingur þessa annað. En þá er komið að kannski einni mikilvægustu mynd glærusjóvsins, þessari svokölluðu grunnafrömu þar sem þið sjáið hvernig afkoma bankans lítur út á árunum 2006, 2005 og 2004 þegar maður fjarlægir út gengishagnaðinn en setur inn tekjur í staðinn, það er að segja kostnaðinn af því að eiga þau hlutabréf sem um er að ræða. Og þá sjáið þið á þessari mynd hér, hérna að sem sagt á síðastliðnu ári vorum við með 15 og hálfan milljarð í gengishagnað af öllum þessum bréfum sem við áttum og það að fjármagna þau bréf var rétt um 3,6 milljarðar. Þannig að nettóágóðinn af því var um 16 milljarðar og ef það er þá fjarlæggt út úr þessum 44-45 milljörðum sem að var heildarhagnaður bankans þá er undirliggjandi þessir 28-29 milljarðar sem ég talaði um áðan. Til samanburðar ef maður gerir þetta eins á síðastliðnu ári þá var gengishagnaðurinn 21 milljarður, fjármagnskostnaður var mjög svipaður á þeim tíma en allt í allt var niðurstaðan sú að undirliggjandi hagnaður var um 16. Og árið þar á undan 2004 var hann 6 milljarðar og árið þar á undan ef ég myndi vera að sýna ykkur 2003 þá held ég að sé stærðargráðan 2 og þar á undan var það af stærðargráðunni 1 og hálfur. Þannig að bara núna á þessum, ef við tökum nú bara síðastliðin 2 ár þá er undirliggjandi hagnaður Landsbankans búinn að fara frá því að vera tæpir 6 í tæpa 29. Og þá ætla ég að segja þetta aftur úr tæpum 6 í 29. Þannig að við erum að tala um aukningu upp á 23 milljarða á 2 árum, það er næstum því aukning upp á milljarð per mánuð í undirliggjandi hagnað sem ætti að geta komið aftur, og aftur, og aftur, og aftur. Þetta eru stærðargráður sem ég held að sé í rauninni erfitt fyrir menn að átta sig á. En þetta er auðvitað ástæðan fyrir því hvers vegna bankinn hefur hækkað í verði og kostar í dag um 350 milljarða. Það er einfaldlega vegna þess að á undanförunum árum, bara 2

síðustu árum er undirliggjandi hagnaður búinn að vera að aukast um þessa stærðargráðu sem hérna er talað um. Og til gamans þá ákvað ég að taka svona nokkrar myndir eða nokkrar svona lykiltölur til þess að sýna ykkur hvernig þetta er búíð að vera að þróast á undanförunum árum, það er að segja ef við horfum núna á tölurnar árslok 2002 og árslok 2006, 4 ár. Heildareignir tæpar 300 í tæpar 2.200, 8 sinnum. Útlánin sem þær eru auðvitað stærsti hlutinn af, rétt rúmlega 200 í rétt rúmlega 1.400, 7 sinnum. Innlán um 100 í tæpa 700, 6 sinnum eða rúmlega 6 sinnum. Tekjur tæpir 14 milljarðar í 90 milljarðar, 6 sinnum. Kostnaðarhlutfall 61 í 43. Fjöldi landa 2-15, sjö sinnum í einhverjum skilningi ef það má tala um það þannig. Fjöldi starfsmanna rétt um þúsund, rúmlega 2 þúsund, tvisvar. Og þarna sjáið þið auðvitað mikla ástæðu fyrir því hvers vegna hagnaðaraukningin verður mikil. Við erum að tala um 7-8 földun í stærð en ekki nema tvöföldun í fjölda starfsmanna. Hagnaður fyrir skatta 2 og hálfur, 44 og hálfur, 18 sinnum. Markaðsvirði 25, 350, 14 sinnum. Manni finnst að þetta hefði mátt vera 18 sinnum úr því að hitt var 18 en það bendir til þes að hann hafi frekar verið of dýr þegar hann var seldur (hlátur) og var ég ekki að grínast þegar ég sagði þetta, mér finnst það persónulega. Nú hvað vanskilin varðar 3,2% niður í 0,2% og þetta skýrir auðvitað gríðarlega mikið varðandi útlánatöp. Hérna er önnur mynd til að sýna ykkur, þið sjáið náttúrulega myndina hérna hér mér á vinstri hönd hérna hvar við erum stödd. En hérna sjáum við hvað eru margir í hverju landi. Hérna á Íslandi erum við tala um það að við erum með 450 manns sem eru í þessari fyrirtækja, fjárfestingabanka, þjónustu og eignastýringu í einhverjum skilningi. Fyrirtækja eða fjárfestingabankinn okkar og svo eru 811 manns sem eru í útibúunum og stuðningi við þau með einum eða öðrum hætti. Þarna er skiptingin svona ca. 1/3, 2/3. Á meginlandi Evrópu þá er þannig að það eru 92 starfsmenn í Bretlandi sem eru í einskona starfsemi sem líkist útibúastarfseminni ef svo má að orði komast og 214 sem eru í svona fyrirtækja og fjárfestingabankþjónustu. Í öllum hinum löndunum eru þetta er einkum og sérilagi fyrirtækja eða fjárfestingabankþjónusta og þarna sjáið þið að við erum sagt allt í allt, það eru 300 í Bretlandi allt í allt, það eru rétt um tæplega 100 í Írlandi, rúmlega 100 í Frakklandi, rétt um 50 í Þýskalandi, tæplega 100 í Lúxemborg, 60 og eitthvað í Sviss og svo í stærðargráðunni 30 eru í Ítalíu, Hollandi og Spáni og svo erum við með 13 í Bandaríkjunum. Svo tókst nú ekki alveg að troða inn á en það eru 3 í Noregi, 1 í Færeyjum og 5 í Kanada og enginn í Danmörku. En ég er ekki viss um að margir geri sér grein hversu þetta er orðið mikið en oft er það þannig þegar maður sér fjölda starfsmanna þá áttar maður sig á hversu umsvifamikil starfsemin er orðin. Enda er það þannig að svona ein grunnhugmyndin af því sem við erum að vinna eftir er það að þegar maður horfir á þessa fyrirtækja fjárfestingabankþjónustu ef svo má að orði komast sem er í boði í heiminum þá erum við annars vegar með stóru strákana ef svo má að orði komast Deutsche Bank og Merrill Lynch, Morgan Stanley, Liman og allir þeir og þeir eru auðvitað um allan heim og keppa í öllu og eru mjög öflugir. Við gerum okkur fullkomlega grein fyrir því að við erum ekki alveg komin í þeirra flokk ennþá en kemur vonandi

að því. En og erum þar af leiðandi ekki að reyna að keppa við þá. Þeir eru að fást við stóru fyrirtækin, okkar sérhæfing er að sinna millistórum og smáum fyrirtækjum á evrópskan mælikvarða sem auðvitað er tiltölulega stór í okkar mælikvarða hérna heima á Íslandi. Og þá er það þannig að í öllum þeim löndum sem við erum starfandi þá eru ekki margir sem eru í öllum löndunum. Við erum í öllum þessum löndum, bjóðum upp á víðtæka þjónustu, með vítt þjónustuframboð sem við bætum stöðugt og hérna erum að auka á sérhverjum degi. Og á sérhverjum stað erum við með sterka og öflugan keppinauta en í fæstum tilfellum erum við með þá á fleiri heldur en einum stað. Nokkrum tilfellum auðvitað en í langflestum tilfellum erum við að fást við mismunandi keppinauta á sérhverjum stað og þetta er akkúrat það sem er svona sérstakt við okkur að geta boðið upp á víðtæka þjónustu yfir mörg lönd og þetta er okkar hvað á ég að segja sérstaða ef svo má að orði komast. Víkjum þá að efnahagsreikningi bankans. Eins og ég sagði áðan stærðargráðan 2.200 milljarðar og auðvitað eru það útlánin sem er langstærstur hluti þar af. En á þessari mynd sést einnig mjög vel hvernig lausafjárstaðan hefur þróast á síðastliðnu ári. Lausfé lendir, í svona efnahagsreikningi þá lendir það í rauninni á þremur stöðum í öllum meginatriðum. Svona það sem er hvað á ég segja lausast af lausafénu það liggur annars vegar í sjóði inni í Seðlabanka, kröfur á fjármálafyrirtæki, þá er það einfaldlega þannig að við bara leggjum inn í öðrum bönkum úti í heimi og bara sem sagt í okkar skilningi eru þeir að fá innlán frá okkur þannig að við getum tekið út hvenær sem er. Og svo undir þessum lið hér skuldabréf og verðbréf með föstum tekjum. Þetta er venjulega þá bara að við kaupum bankavíxla eða ríkisvíxla til þess að eiga laust fé. Og þið sjáið það á síðastliðnu ári hvernig breytingin er. Við erum að tala um það að hérna eru 15 milljarðar, hérna eru 129 milljarðar og hérna eru 118 milljarðar. Þannig að þetta eru svona 250 milljarðar sem er aukning á lausu fé á síðastliðnu ári, 250 milljarðar. Og þetta var árið þar sem menn sögðu að við ættum ekki nægt laust fé. En það gerðist einfaldlega það á síðasta ári að það gekk mjög vel að fjármagna bankann þrátt fyrir svartspá erlendra aðila og síðan auðvitað hófum við þessa innlánasöfnun sem að ég mun víkja betur að á eftir. Nú hvað aðrar, hvað eigum við að segja merkilegar eignir hérna sem mikið er horft á vegna þess að það hefur skilað svo miklum tekjum það er hérna hlutabréfastaðan. Við áttum hérna um 60 milljarða í upphafi árs og áttum 50 milljarða í lok árs. Þannig að meðaltalið, þið sjáið er svona að stærðargráðunni 55 milljarðar að meðaltali. En það er einmitt þessi staða sem skilaði okkur tæpum 20 milljörðum eins og ég sýndi ykkur áðan í gengishagnað. Þannig að ávöxtun í okkar hlutabréfasafni á síðastliðnu ári var mjög góð. Á mynd lítur þetta svona út að eins og ég sagði áðan að við eigum, sem sagt í ársbyrjun þessa árs eða árslok síðastliðins árs þá erum við með tæpa 50 milljarða. Skiptist þannig að skráð innlend hlutabréf eru 26 milljarðar, óskráð 2 og hálfur, erlend hlutabréf skráð eru tæpir 19 og óskráð 2 og hálfur. Og það er búin að vera nokkur breyting yfir tímabilið. Stærðargráðan eins og þið sjáið það er rétt rúmlega helmingurinn er í innlendum hlutabréfum enda höfðum við trú á því að sá markaður myndi

glæðast á þessu ári. Myndrænt er kannski einfaldara að horfa á það, það er að horfa á þetta hér. Gráa er sem sagt, grái hlutinn er óskráð erlend, rauði eru skráð erlend, fjólublátt óskráð innlent og þetta dökkbláa eða svarta eru skráð innlend. Sem hlutfall af heildarstærð efnahags þá er þetta um 2,3%. Á síðasta ári þá var þetta tvær stórar stöður sem við seldum og við það minnkaði staðan sem þessu nemur en við keyptum auðvitað eitthvað aðeins af hlutabréfum í staðinn. En stærst var auðvitað þegar við seldum Carnegie en Carnegie eignuðumst við í ágúst á árinu 2005 og seldum það síðan í apríl 2006, áttum það þarna í rétt, ja hvað á ég að segja, 9 mánuði eða svo ef ég man rétt og högnuðumst á því um 96%, við högnuðumst um 10 milljarða en það hækkaði um 96% yfir tímabilið. Og helmingurinn af þeim hagnaði lenti inn á árinu 2006 og hinn helmingurinn 2005. Fjármögnunarmegin lítur myndin svona út. Það eru innlán frá viðskiptavinum eru komin upp í tæpa 700 milljarða eða 683 milljarða og jukust frá 334 milljarðar í 683. Aukningin er sem sagt um 350 milljarðar á árinu og við fjármögnum í einhverjum skilningi alla okkar eða svona okkar útlánastækkun í öllum meginatriðum á síðasta ári með innlánunum. En það fjármagn sem við öfluðum á markaði var notað til þess að auka laust fé. Og þarna er auðvitað gríðarleg breyting að eiga sér stað og breytingin, ef breytingin var mikil á síðasta ári þá er hún enn meiri núna. Því bara sem dæmi þá var þessi reikningur sem Halldór minntist á áðan I save, það er að segja þessi reikningur í Bretlandi þar sem að við bjóðum þjónustuna í gegnum internetið og svo sem öllu, við erum í rauninni með hálfan starfsmann í vinnu við þetta, komnir með 52 eða 53 þúsund kúnna og vorum með 775 milljónir pund um áramótin, 775 milljónir pund um áramótin en byrjuðum 10. október. Þannig að þá vorum við búnir að vera með þetta í 80 daga og komnir upp 775 milljón pund. Í dag erum við komin með 1.650 milljón pund og af þessu ári eru 40 dagar liðnir. Það er komið sem sagt meira á þessu ári á 40 dögum en á 80 dögum í fyrra og þótti þó mörgum nóg um í fyrra. Þannig að breytingin sem er að eiga sér stað á efnahagsreikningunum okkar er gríðarleg og skiptir gríðarlegu máli til framtíðar og hjálpar auðvitað til að skýra það hvers vegna okkar hvað á ég að segja credit spread er að lækka hraðar heldur en í öðrum. En allt í allt er þetta svona komið upp í tæpa 700 á síðastliðnu ári og er að breytast mjög hratt á þessu ári og eigið féð 144 milljarðar. Og hérna sjáið þið hvernig eiginfjárbreytingin er búin að vera frá 16 milljarðar upp í 144 yfir tímabilið. Hvað eigiðfjárhlutfall varðar þá erum við eins og ég sagði í upphafi um 13% over all og 14,8, nei 13% miðað við svokallað A-hlutfall en 14,8 over all. Og eins og þið sjáið á myndinni þá erum við nokkuð yfir þeim mörkum sem við teljum okkur þurfa að vera með að lágmarki sem endurspeglar það sem ég sagði áðan að við erum heldur riflegir á því og erum í einhverjum skilningi með laust eigið fé til fjárfestinga eða stækkunar. Í stuttu máli þá er árið 2006 metár í sögu Landsbankans á nánast alla mælikvarða, hvort heldur um er að ræða aukningu útlána í krónum talið, aukningu innlána, aukningu hagnaðar, hagnaðar yfir höfuð og svo framvegis. Og við lítum svo á að við séum komin með mjög sterkan grunn og mikið og gott tekjuflæði af okkar kjarnastarfsemi sem við sjáum

ekki annað en að vaxi jafnt og þétt. Tekjumyndunin okkar er orðin mjög dreifð núna milli landa og milli, ja hvað á ég að segja eininga og business lína og hefur ekki verið með meiri dreifingu heldur en á þessu síðastliðna ári. Eignastaðan er mjög sterk. Við erum með mjög lítil vanskil og við erum með mjög sterkan varasjóð til þess að mæta mögulegum útlánatöpum framtíðar. Eina sem kannski má segja ef maður ætlar að, maður verður alltaf að sjá einhverja svona neikvæða hluti líka þegar maður er búinn að tala svona og allt er jákvætt að það er auðvitað þannig að það er áhyggjuefni hvernig hlutir eru hér hvað innlent efnahagslíf varðar. Auðvitað er það áhyggjuefni að vextir skuli vera 14,25 og ekki komin skilaboð um það að menn séu að fara að lækka vexti. Því auðvitað er það þannig að til lengri tíma litið þá er mjög erfitt að standa undir vöxtum, svona grunnvöxtum hvað þetta varðar og á sama tíma er það þannig að það er mjög mikilvægt að ná niður verðbólgunni og það sem fyrst til þess að geta lækkað vextina. Ef við endum á því að svona kíkja hvernig hlutabréfaverð bankans hefur þróast á undanförunum árum þá þegar þessi glæra var búin til sem var hádegisbil í dag þá var gengi bréfanna 31,5, mér skilst nú að það hafi endað örlítið hærra. En það kannski breytir ekki öllu en þetta svarar til þess að bankinn kostar í dag um 350 milljarða og miðað við eigið fé 144 eða um áramót. Á síðastliðnu ári þá voru rétt tæplega 23 þúsund viðskipti með Landsbankann og var ekkert annað fyrirtæki á íslenskum hlutabréfamarkaði sem jafnmörg viðskipti var með. Það voru 23 þúsund viðskipti og markaðsvirði þeirra viðskipta var að stærðargráðunni 320 milljarðar, sem er svona svipað að stærðargráðu og verðmæti bankans en í ljósi þess að um það bil 40% af bréfum hafa ekki mikið verið að skipta um hendur eins og menn náttúrulega vita og þar af leiðandi í einhverjum skilningi er það þannig að öll önnur bréf eru mjög liquid og það er mikið verslað með bréfin og það má nánast segja að hvert einasta bréf hafi nánast skipt um hendur allt að því tvisvar. Það sem af er þessu ári sem er nú ekki nema um 40 dagar þá eru þegar búin að eiga sér stað 2.200 viðskipti, um 60 milljarðar. Þannig að það er alveg rétt sem hér hefur komið fram á þessum fundi að það eru fá hlutabréf á innlendum markaði sem eru meiri viðskipti með heldur en Landsbankabréfin og hér sjáið þið þróunina. Gengið er 31 eða milli 31 og 32 í dag og bankinn kostar að stærðargráðunni 350 milljarðar. Takk fyrir. (klappað).

Kjartan Gunnarsson: Ég þakka Sigurjóni Árnasyni fyrir hans áhugaverðu og notalegu ræðu fyrir hluthafana. Nú fyrir fundinum liggur auðvitað að afgreiða reikninga bankans fyrir síðastliðið ár og taka ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á reikningsárinu. Og það liggur fyrir í gögnum fundarins tillaga frá stjórn félagsins um það að greiddur verði 40% hagnaður af nafnvirði hlutafjár sem að samsvarar röskum 4 milljörðum króna. En áður en við göngum til afgreiðslu á þessum tillögum að þá vil ég gefa orðið frjálst um skýrslu stjórnar og reikninga bankans. Öll þessi gögn liggja náttúrulega skriflega fyrir, þykki og mikil ársskýrsla hefur verið lögð hér fram. Það óskar enginn eftir að taka til máls eða enginn sem að ég sé. Ég ætla þá að ganga til atkvæða, fyrst um tillöguna

um úthlutun arðs. Sú tillaga hljóðar svona: Af hagnaði ársins 2006 eftir skatta og hlutdeild minnihluta sem nam 38 milljörðum 906 milljónum króna skal greiða 4.408 milljónir króna í arð sem skiptist milli hluthafa í samræmi við hlutafjáreign þeirra þannig að 0,4 krónur greiðast í arð af hverri krónu nafnverðs hlutafjár. Arður skal greiddur þeim sem skráðir eru á hlutaskrá í lok aðalfundardags samanber 7. grein samþykkt Landsbanka Íslands hf. Arðgreiðsla þessi nemur um 11% af hagnaði og er um 40% af nafnvirði hlutafjár félagsins. Því sem eftir stendur af hagnaði ársins 34.498 milljónir króna skal ráðstafað til hækkunar á eigin fé Landsbanka Íslands hf. Arðgreiðslan skal framkvæmd með vaxtalausri greiðslu þann 7. mars 2007. Þeir sem að samþykkja þessa tillögu gjöra svo vel að gefa merki. Takk. Er einhver á móti. Nú þá ætla ég að bera upp reikning bankans fyrir síðastliðið starfsár. Hann hefur verið skýrður mjög ítarlega og liggur fyrir skriflega þannig að öllum formsatriðum í því er fullnægt og ég vil biðja þá sem að samþykkja hann að gefa merki. Takk. Einhver á móti? Svo er ekki. Reikningurinn er samþykktur samhljóða og einróma. Næst er á dagskrá kosning bankaráðs. Samkvæmt samþykktum bankans ber að skila tillögum um aðal- og varamenn í bankaráð eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfund. Það bárust tillögur um jafnmarga og kjósa á þannig að bankaráðið er sjálfkjörið. Tillögur bárust um Björgólf Guðmundsson sem að er stjórnarformaður Landsbankans, Þór Kristjánsson, viðskiptafræðing, Kjartan Gunnarsson, lögfræðing, Svöfu Grönfeldt, rektor og Þorgeir Baldursson, forstjóra. Þetta er tillaga um aðalmenn í bankaráð. Um varamenn barst tillaga um að fyrir Björgólf Guðmundsson og Þór Kristjánsson séu varamenn Andri Sveinsson, viðskiptafræðingur og Helga Theódórsdóttir, viðskiptafræðingur. Fyrir Kjartan Gunnarsson, Svöfu Grönfeldt og Þorgeir Baldursson séu varamenn Gunnar Felixson, framkvæmdastjóri, Helga Jónsdóttir, bankafulltrúi og Þorsteinn Sveinsson, skógarbóndi. Ég lýsi því yfir að þar sem að aðrar tillögur bárust ekki innan lögboðins frests að þá eru þessir 5 sem ég las fyrst sjálfkjörnir aðalmenn í bankaráð Landsbankans fyrir næsta starfsár og hinir 5 varamenn í þeirri röð og fyrir þá sem að kynnt var í tillögunni. Nokkur athugasemd við þessa afgreiðslu? Svo er ekki. Og lýsi ég þá yfir að þessir eru réttkjörnir og óska þeim til hamingju með endurkjörið. (klappað) Þá liggur fyrir að kjósa endurskoðendur, það liggur fyrir að endurskoðunarfyrtækið PriceWaterhouseCoopers hf. sem hefur verið endurskoðandi félagsins um nokkurra ára skeið verði endurkjörið til þessara starfa. Erú aðrar tillögur? Svo er ekki, þeir sem samþykkja þá gjöra svo vel og gefa merki. Nokkur á móti? Svo er ekki. Þeir eru samþykktir samhljóða til þessara miklu ábyrgðarstarfa sem ég gat um í upphafi. Þá liggur fyrir tillaga um það að heimila bankanum að kaupa eða taka að veði allt að 10% af eigin bréfum. Það hefur verið í samþykktunum slík heimild sem hefur verið nýtt að hluta til en hérna stjórnin taldi rétt að leggja til við aðalfundinn að endurnýja þessa heimild í stórum dráttum óbreytta. Tillagan er svo hljóðandi: Heimild til kaupa á eigin hlutum. Aðalfundur Landsbanka Íslands hf. veitir bankaráði heimild til að ákveða kaup á hlutum í félaginu eða taka slíka hluti að veði sem nemi allt að 10 hundruðustu af hlutafé. Heimild þessi verði nýtt innan 18 mánaða frá

samþykkt aðalfundar. Nafnverð hluta sem félagið kann að eignast samkvæmt heimild þessari má vera allt að krónur 1 milljarður 102 milljónir en nýti bankaráð heimild til hækkunar hlutafjár hækkar nafnvirðið samkvæmt þessari heimild um samsvarandi hlutfall. Kaupverðið skal vera á gengi sem sé ekki meira en 10% hærra og ekki meira en 10% lægra en skráð gengi á Kauphöll Íslands hverju sinni. Heimild þessi kemur í stað heimildar til kaupa á allt að 10% hlutafé félagsins sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 10. febrúar 2006. Bankastjórn er jafnframt veitt umboð til að taka allar nánari ákvarðanir um framkvæmd slíkra viðskipta. Og þessi tillaga er lögð hér fram til umræðu. Einhver sem óskar eftir að taka til máls um hana? Svo er ekki. Þeir sem að samþykkja tillöguna, gjöra svo vel að gefa merki. Takk. Er einhver á móti? Hún er samþykkt samhljóða og einróma. Nú þá eru hér tillögur varðandi samþykktir félagsins. Það eru 5 tillögur og þær liggja hér allar fyrir og hafa náttúrulega legið fyrir eins og samþykktir félagsins gera ráð fyrir til kynningar bæði á skrifstofu félagsins og á vefsíðu þess. Þannig að hluthafar hafa haft gott tækifæri til að kynna sér þær. Þessar tillögur eru sumar auðvitað afar einfaldar og eru aðeins orðalagsbreytingar á samþykktunum eða breytingar á samþykktunum sem að fylgja í kjölfar nýrra opinberra reglna. En ég hyggst nú lesa þessar tillögur en það hefur ekki staðið til út af fyrir sig að kynna þær að öðru leyti nema að fyrirsurnir berist um þær. Fyrsta tillagan varðar 2. málsgrein 4. greinar samþykktanna og er á þessa leið: Bankaráði er heimilt að auka hlutafé félagsins í áföngum um allt að krónur 1 milljarð og 200 milljónir að nafnverði með áskrift nýrra hluta. Hluthafar falla frá forkaupsrétti sínum samkvæmt 34. grein laga nr. 2, 1995 um hlutafélög til hækkunar hlutafjár samkvæmt þessari málsgrein. Bankaráði er falið að ákveða nánari útfærslu á hækkun þessari með tilliti til verðs og greiðsluskilmála. Heimild þessi gildir til 9. febrúar 2012. Bankaráði er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti í öðru en reiðufé. Sambærilegt ákvæði þessu er í samþykktunum en það rennur út núna í mars og því er gerð tillaga um að heimila sem sagt að þetta ákvæði standi til 9. febrúar 2012. Nú þetta er nú eins og menn þekkja algengt ákvæði í samþykktum hlutafélaga, til þess gert að gera félaginu auðvitað mögulegt að bregðast mögulega við viðskiptatækifærum með þessum hætti. Þá er gert ráð fyrir því að í 12. grein samþykktanna komi nýr liður sem að snertir svo tillögu sem að verður flutt síðar á fundinum en í nýsamþykktum breytingum á hlutafélagalögum er tekið inn nýtt ákvæði þar sem að kveðið er á um það að stjórn í félagi beri skylda til að kjósa sér já endurskoðanda, hér er nú einhver misskilningur á ferðinni, það er að segja félagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda, það félag skuli samþykkja sérstaka starfskjarastefnu félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur. Þetta er alveg dæmigerð alpingska að orða þetta svona. Og hér er gert ráð fyrir því hjá okkur að þetta verði að sjálfsgöðu fellt inn í samþykktirnar og að við 12. grein samþykktanna bætist 4. töluliður. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar. Nú síðan er svona leiðréttingaratriði að á eftir orðinu ársreikningur í 2. málsgrein 14. greinar bætist eftirfarandi, skýrsla

bankaráðs. En samkvæmt nýjum hlutafélagalögum ber að leggja fram skýrslu bankaráðs með þessum hætti en þessa skyldu vantar í upptalningu samþykktanna. Nú þá er gert ráð fyrir því í 4. lagi að enn einnig samkvæmt nýjum reglum að upplýsingar um frambjóðendur til bankaráðs skulu liggja frammi 2 dögum fyrir aðalfund. Þetta eru þá mjög ítarlegar upplýsingar um frambjóðendurna, hvað þeir hafa starfað um ævina og hvar þeir hafa tengst Landsbankanum og ýmsar slíkar upplýsingar sem að gerir hluthöfunum kleift að leggja mat á hæfni frambjóðenda og taka upplýsta ákvörðun um atkvæðagreiðslu til bankaráðs. Nú það sýnir sig af því að það voru engar nýjar tillögur um bankaráðsmenn hér að hluthafarnir hljóta að vera ánægðir með stjórnina og telja sig hafa allar upplýsingar um stjórnina. Í 5. lagi er gert ráð fyrir því að Landsbankanum sé heimilað að setja inn í samþykktir félagsins að erlent aukheiti félagsins sé Landsbanki hf. Þetta er nú gert til þess að auðvelda og einfalda starfsemi okkar erlendis. Það hefur stundum verið að reiki hvaða nafn er nákvæmlega notað og hér er það með einföldum hætti staðfest í eitt skipti fyrir öll hvaða nafn við viljum nota sem firmanafn í útlöndum. Nú þetta eru allt frekar einföld og sjálfsögð mál en orðið er frjálst um þessar tillögur sem að stjórnin leggur fyrir fundinn. Er einhver sem vill taka til máls eða bera fram fyrirspurn um tillögurnar? Svo er ekki, ef að fundurinn gerir ekki athugasemd við það þá ætla ég að fá að bera upp tillögurnar eina af annarri en án þess að lesa þær upp hverju sinni. Er nokkur athugasemd gerð við það? Svo er ekki. Í fyrsta lagi er þá tillagan um að auka hlutafé félagsins svo að sú samþykkt standi til 9. febrúar 2012. Þeir sem samþykkja það eru beðnir að gefa merki. Takk fyrir. Einhver á móti? Það er ekki. Tillagan er samþykkt samhljóða. Í öðru lagi er það tillagan um að bæta inn í samþykktirnar ákvæði um starfskjarastefnu. Þeir sem samþykkja það gjöra svo vel og gefi merki. Takk. Á móti? Enginn. Það er samþykkt samhljóða. Síðan er hin áhrifamikla tillaga um það að inn í samþykktirnar bætist orðið skýrsla bankaráðs. Þeir sem samþykkja það eru beðnir um að gefa merki. Þökk fyrir. Einhver á móti? Svo er ekki, samþykkt samhljóða. Síðan er þessi tillaga um upplýsingar um frambjóðendur til bankaráðs skuli liggja frammi 2 dögum fyrir aðalfund. Það er athyglisvert í þessu þó að það sé nú algjört fundarstjóra að þær upplýsingar þurfa ekki að liggja frammi fyrr en 2 dögum fyrir aðalfund en framboðin eiga að vera komin 5 dögum fyrir aðalfund. En gott og vel, svona er þetta. Þeir sem að samþykkja þessa tillögu gjöra svo vel og gefi merki. Takk. Einhver á móti? Svo er ekki. Tillagan samþykkt samhljóða. Erlent aukheiti félagsins verði Landsbanki hf. Þeir sem samþykkja það gjöra svo vel að gefa merki. Takk fyrir. Nokkur á móti? Svo er ekki. Samþykkt samhljóða. Nú þá er þessum breytingum á samþykktum lokið og ég þakka fundarmönnum fyrir gott samstarf í því efni. 8 liður á dagskránni er tillaga bankaráðs um valrétt á hlutabréfum til starfsmanna og starfskjarastefna Landsbanka Íslands. Ég nefndi þetta nú aðeins hérna áðan en á síðasta ári voru sem sagt samþykktar breytingar á hlutafélagalögum sem varða meðal annars góða stjórnarhætti fyrirtækja og þar með talin starfskjör stjórnenda þeirra og samskipti við hluthafa. Breytingarnar tóku gildi 1. október síðastliðinn og

eiga rætur í Evróputilskipun sama efnis. Og hafa aðildarríki Evrópusambandsins þegar gert sambærilegar breytingar á sínu regluverki. Landsbankinn hefur eins og kom fram í ræðu formanns ávallt lagt mikla áherslu á það að vera í fararbroddi hvað varðar reglur um góða stjórnarhætti og við vorum eitt fyrsta fyrirtækið sem á sínum tíma staðfestir leiðbeiningar Kauphallarinnar og Samtaka atvinnulífsins og Verslunarráðs um góða stjórnarhættir. Reglurnar fela meðal annars í sér óháðar stjórnir, upplýsingagjöf, gegnsæi og að hagsmuna hluthafa sé ávallt gætt til hins ítrasta. Bankaráðið ákvað því að leggja til eftirfarandi tillögu um valrétt á hlutabréfum til starfsmanna og tillögu um starfskjarastefnu sem felur í sér að þau megin viðmið sem stuðst er við við ákvörðun launa og starfskjara bankaráðsmanna og bankastjóra Landsbankans séu öllum ljós og séu afgreidd á aðalfundi bankans. Það er áætlað að árlegur kostnaður vegna þeirra kaupréttaráætlana og kjaraákvarðana sem að tillögurnar fela í sér muni geta verið rúmlega 2% af heildartekjum bankans. Ég ætla nú að lesa held ég þessar tillögur. Þetta er auðvitað mál sem skipta miklu máli. Bæði auðvitað er um háar fjárhæðir að ræða en það er auðvitað ekki síður um það að ræða að upplýsingar um þetta séu, liggi augljóslega fyrir öllum og hér sé ekki verið að hérna framkvæma neina hluti undir borði eða skjóta neinum hlutum undir teppi. Heldur sé þetta allt uppi á borðinu og öllum ljóst og allir geti fengið um það upplýsingar. Nú þessar tvær tillögur sem að hérna eru hér eru svo hljóðandi. Það er í fyrsta lagi tillaga bankaráðs um valrétt á hlutabréfum til starfsmanna og um starfskjarastefnu Landsbankans. Landsbanki Íslands hf. leggur ríka áherslu á að bankinn sé í stakk búinn til að halda í lykilstarfsmenn sína og að öflugir starfsmenn fái til starfa fyrir bankann þar sem þeir eru forsenda áframhaldandi vaxtar og sterkrar stöðu bankans jafnt á heimamarkaði sem erlendis. Í þessum tilgangi hefur Landsbankinn gert samninga við starfsmenn sem gerir þeim kleift að kaupa hlut í bankanum og í því skyni gefið út og endurnýjað valrétt sem miðast við að nýtingarverð valréttarins skuli ætíð samsvara markaðsvirði á þeim degi sem rétturinn er veittur og verður virkur. Boðið er lán í samræmi við almennar reglur til að fjármagna kaupin og skuldabréf með breytirétti. Við framkvæmd á framangreindu markmiði bankans geta valréttir starfsmanna á hverjum tíma numið í heild allt að 1.600 milljónum útgefna hluta bankans. Kaupverð eða nýtingarverð valréttar skal samsvara markaðsvirði á þeim degi sem rétturinn er veittur og verður virkur. Síðan kemur lýsing á þessari, frekari lýsing á þessari starfskjarastefnu. En starfskjarastefnan byggir á þeirri meginreglum sem gilda um góða stjórnarhætti fyrirtækja og langtímasjónarmið um vöxt og háþróun arðsemi fyrir hluthafa bankans. Bankaráðsmenn fá greidda fasta þóknun fyrir störf sín. Þóknun hvers bankaráðsmanns og varamanna skal ákveðin á aðalfundi bankans og greiðist í samræmi við launagreiðslur til almennra bankastarfsmanna. Starfskjör bankaráðsmanna skulu taka mið af þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir, því flókna umhverfi sem Landsbankinn starfar í. Þeim kjörum sem almennt gerast um slík störf á fjármálamarkaði í þeim löndum sem bankinn hefur starfsemi í og því vinnuframlagi sem þörf er á starfsins vegna. Bankaráðsmenn sem sitja í

endurskoðunarnefnd og kjaranefnd skulu fá greidda fasta þóknun fyrir störf sín. Á aðalfundi skulu bornar upp til samþykkis tillögur um launakjör bankaráðs og nefnda þess fyrir komandi rekstrarár. Starfskjör bankastjóra Landsbankans byggjast á ráðningarsamningum. Taka starfskjörin meðal annars mið af ábyrgð og eðli starfans í ljósi stærðar og umsvifa bankans, þeim starfskjörum sem almennt gerast á fjármálamörkuðum í þeim löndum sem bankinn hefur starfsemi í og þeim rekstrarárangri sem bankinn nær. Starfskjör bankastjóra geta verið samsett af föstum launum, árangurstengdum greiðslum í reiðufé og hlutabréfum, valréttum, skuldabréfum með breytirétti, lífeyrisréttindum og eftirlaunaréttindum. Á aðalfundi bankans skulu hluthafar upplýstir um heildarfjárhæð greiddra launa til bankaráðsmanna og bankastjóra á liðnu starfsári. Föst laun, fjárhæð árangurstengdra launa, greiðslur í formi hlutabréfa og valréttáforkaupsréttar. Greiðslur frá öðrum félögum í samstæðu bankans og starfslokagreiðslur til þeirra sem látið hafa af störfum á starfsárinu. Nú þannig hljóðar þetta og með sem sagt samþykkt þessarar tillögu og þessara tillagna sem að hérna liggja fyrir er formlega tekin ákvörðun af aðalfundi bankans um þá stefnu sem að aðalfundurinn vill hafa í þessum málum og jafnframt tekur auðvitað bindandi ákvarðanir um upplýsingar um þessi kjör sem að eru nú þegar birt í ársskýrslu bankans og ég held að þetta sé allt góðu heilli gjört og til þess fallið að undirstrika og ítreka enn á ný að við auðvitað viljum gera þetta allt eftir þeim ítrustu og bestu reglum og þeirri bestu framkvæmd sem að þekkt er á hverjum tíma. En orðið er laust um þessa tillögu. Enginn sem óskar að taka til máls um þetta eða bera fram fyrirspurn. Nú ef svo er ekki að þá vil ég hérna bera þessa tillögu upp. Þetta eru í raun 2 tillögur, það er annars vegar tillagan um valrétt á hlutabréfum og hins vegar að samþykkja hina almennu starfskjarastefnu og ég hyggst bera hana upp fyrst. Ég ætla nú ekki að lesa þetta aftur, ég treysti því að fundarmenn hafi tileinkað sér þetta í fyrsta lestri og ég ber þá upp starfskjarastefnuna. Þeir sem samþykkja hana eru beðnir um að gefa merki. Takk fyrir. Einhver á móti? Svo er ekki, hún er þá samþykkt samhljóða. Nú síðan er þá tillagan sjálf um valrétti á hlutabréfum sem að skiptir auðvitað miklu máli líka að bankinn hafi sveigjanleika og möguleika til þess að beita því í kjarasamningum. Þeir sem samþykkja hana eru beðnir um að gefa merki. Einhver á móti? Svo er ekki. Þetta er þá hvort tveggja samþykkt samhljóða. Nú það fer þá að þrengjast um tillögur og eina formlega tillagan sem eftir er hún er að ákveða þóknun bankaráðsmanna. Sú tillaga er svohljóðandi. Þóknun hvers bankaráðsmanns fyrir tímabilið frá aðalfundi 2007 til aðalfundar 2008 skal vera krónur 350 þúsund á mánuði. Greitt í samræmi við launagreiðslur til bankamanna. Þóknun bankaráðsformanns skal þrefalt hærri en þóknun bankaráðsmanns og þóknun varaformanns skal var tvöfalt hærri en þóknun bankaráðsmanns. Þóknun til varamanna skal vera krónur 100 þúsund fyrir hvern setinn fund. Þar að auki verði þeim bankaráðsmönnum sem sitji í endurskoðunarnefnd og kjaranefnd bankans alls greiddar krónur 150 þúsund á mánuði fyrir setu í hverri nefnd en þóknun formanns hverrar nefndar verði þreföld sú fjárhæð. Þessi tillaga liggur fyrir og hefur

legið fyrir með öðrum tillögum fundarins. Nú það er kannski rétt að spyrja hvort einhver býður betur. En er einhver sem vill taka til máls um þetta. Svo er ekki, ég ber þá þessa tillögu upp þeir sem samþykkja hana gjöra svo vel að gefa merki. Einhver á móti? Svo er ekki. Tillagan er þá samþykkt samhljóða. Nú 10. liður dagskrárinnar, önnur mál löglega fram borin, það hafa ekki borist nein önnur mál.

Kjartan Gunnarsson: Nú ég vil þakka Björgólfi Guðmundssyni fyrir mjög öfluga og sérstaklega skemmtilega forystu í bankaráði Landsbankans. Það skiptir miklu máli að svona vinna sé ekki bara tölur og rykfallnar skýrslur heldur sé hún líka skemmtileg og ánægjuleg og það er hérna í hvert skipti sérstök ánægjuleg lífsreynsla að sitja á fundum með honum og lúta að stjórn hans í þessum störfum. Og ég þakka fyrir það og færi honum þakkir bankaráðsins fráfarandi og að mestu leyti áframhaldandi fyrir það. Ég held þeirri venju minni hér enda gera landslög ráð fyrir því og samþykkt Landsbankans líka að fundargerð fundarins sé lesin upp í lok fundarins. Við höfum hins vegar komist að samkomulagi um það ég og fundarritari að hann hafi vandað sérstaklega til þess úrdráttar úr umræðum sem að hann mun lesa hér á eftir enda liggja öll megingögn fundarins skriflega fyrir fundarmönnum. Þannig að ég bið fundarmenn um að sýna þá þolinmæði að bíða meðan að hann fer nú í örstuttu máli yfir fundargerðina.

Ársæll Hafsteinsson, fundarritari: Og þá hefst lesturinn, fundargerð aðalfundar Landsbanka Íslands hf. Aðalfundur Landsbanka Íslands hf. var haldinn þann 9. febrúar 2007 klukkan 16 á Grandhótel. Fundur hófst með því að Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Kjartan Gunnarsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða. Kjartan tók við stjórn fundarins, lýsti löglega til hans boðað og fundinn löglegan að öðru leyti. Fundarstjóri lagði því næst til að Ársæll Hafsteinsson, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Landsbankans yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri upplýsti að atkvæðamagn hluthafa og umboðsmanna þeirra sem mættu á fundinn væru 7 milljarðar 66 milljónir 147 þúsund 589 sem svarar til 65% heildarhlutafjár bankans. Mætt var fyrir 197 hluthafa. Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár. Það er skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár, Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans flutti skýrslu bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár. Að skýrslu bankaráðs lokinni lagði fundarstjóri til að umræða um skýrsluna, samþykkt ársreikning og tillögu um greiðslu arðs yrði frestað og tekið saman eftir 3. lið boðaðrar dagskrár. Tillaga fundarstjóra var samþykkt. Annar liður á dagskrá, ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagðar fram til staðfestingar. Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri tók til máls og fór meðal annars yfir starfsemi bankans á síðastliðnu ári, samþættingu rekstrarreininga og nýjar leiðir við fjármögnun bankans. Þegar Halldór hafði lokið máli sínu tók Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri til máls og fjallaði um ársreikning bankans og gerði

grein fyrir niðurstöðum ársins 2006. Orðið var síðan gefið frjálst og enginn óskaði eftir að taka til máls. Þá var tekinn fyrir 3. liður á dagskrá, ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á síðastliðnu reikningsári. Fyrir fundinum lá tillaga um að af hagnaði ársins 2006 eftir skatta og hlutdeild minnihluta sem nam um 38.906 milljónum króna skyldi greiða 4.408 milljónir króna í arð sem skiptist milli hluthafa í samræmi við hlutafjareign þeirra þannig að 0,4 krónur greiðist í arð af hverri krónu nafnverðs hlutafjár eða 40%. Því sem eftir stendur af hagnaði ársins 34.498 milljónir skuli ráðstafa til hækkunar á eigin fé Landsbankans. Arðgreiðslan skal framkvæmd með vaxtalausri greiðslu þann 7. mars 2007. Opnað var fyrir umræðu um skýrslu bankaráðs, ársreikning og tillögu um greiðslu arðs. Enginn kvaddi sér hljóðs og var ársreikningurinn ásamt skýrslu endurskoðanda og tillaga um greiðslu arðs samþykkt samhljóða. Þá er það 4. liður á dagskrá, kosning bankaráðs. Fyrir fundinum lá tillaga um að eftirtaldir einstaklingar yrðu kjörnir aðal- og varamenn í bankaráð Landsbankans fram til næsta aðalfundar. Aðalmenn Björgólfur Guðmundsson, Þór Kristjánsson, Kjartan Gunnarsson, Svafa Grönfeldt og Þorgeir Baldursson. Varamenn fyrir Björgólf Guðmundsson og Þór Kristjánsson, Andri Sveinsson, Helga Theódórsdóttir. Forfallist aðalmaður tekur varamaður sæti með þá röð sem tillagan greinir. Og fyrir Kjartan Gunnarsson, Svöfu Grönfeldt og Þorgeir Baldursson, Gunnar Felixson, Helga Jónsdóttir og Þorsteinn Sveinsson og það er sama, forfallist aðalmaður tekur varamaður sæti miðað við þá röð sem tillagan greinir. Ekki bárust fleiri tillögur um skipan bankaráðs í aðal- og varamenn og var því sjálfkjörið í stjórn og varastjórn. Kosning endurskoðenda, fyrir fundinum lá tillaga um að kjósa PriceWaterhouseCoopers sem endurskoðendur félagsins fyrir fjárhagsárið 2007 og var tillagan samþykkt samhljóða. Sjötti liður, tillaga um endurnýjun heimildar stjórnar til að kaupa eða taka veð í allt að 10% af eigin bréfum. Fyrir fundinum lá tillaga um að endurnýjun heimilda bankaráðs til að ákveða kaup á hlutum í félaginu eða taka hluti að veði sem nemi allt að 10% hlutafjár. Var tillagan samþykkt samhljóða. Tillaga um breytingar á samþykktum þær voru nokkrar, þær voru 5 eins og Kjartan las upp áðan. Það var tillaga um breytingu á 2. málslíð 4. greinar sem var samþykkt og er málsgreinin nú svohljóðandi. Bankaráði er heimilt að auka hlutafé félagsins í áföngum um allt að 1 milljarð og 200 milljónir að nafnverði með áskrift nýrra hluta. Hluthafar falla frá forkaupsrétti sínum samkvæmt 34. grein laga nr. 2, 1995 um hlutafélög til hækkunar hlutafjár samkvæmt þessari málsgrein. Bankaráði er falið að ákveða nánari útfærslu á hækkun þessari með tilliti til verðs og greiðsluskilmála. Heimild þessi gildir til 9. febrúar 2012. Bankaráði er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti í öðru en reiðufé. Fyrir fundinum lá tillaga um breytingu á 12. grein sem var samþykkt og er 4. töluliður 12. greinar nú svohljóðandi: tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar. Fyrir fundinum lá tillaga um breytingar á 14. grein, það voru reyndar 2 tillögur og ég dreg þetta saman í eina sem var samþykkt og er greinin nú svohljóðandi. Í fundarboði skal greina um málefni þau sem taka skal til

meðferðar á hluthafafundi viku fyrir hlutahafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur, skýrsla bankaráðs og skýrsla endurskoðanda sé um aðalfund að ræða lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu bankans. Á sama stað skuli upplýsingar um frambjóðendur til bankaráðs liggja frammi 2 dögum fyrir aðalfund. Og svo að síðustu fyrir fundinum lá tillaga um breytingu á 1. málsgrein að erlent aukheiti félagsins yrði Landsbanki hf. Tillagan var samþykkt samhljóða. Þá er það 8. liður á dagskrá. Tillaga bankans um valrétt á hlutabréfum til starfsmanna og um starfskjarastefnu Landsbankans eins og Kjartan lýsti þá eru þetta í raun tvær tillögur sem sagt um valrétt og hins vegar um starfskjarastefnu og tillagan var, Kjartan upplýsti jafnframt að áætlaður heildarkostnaður vegna kaupréttaráætlana væri rúmlega 2% af heildartekjum bankans. Og tillagan er svohljóðandi: Landsbanki Íslands hf. leggur ríka áherslu á að bankinn sé í stakk búinn til að halda í lykilstarfsmenn sína og öflugir starfsmenn fáist til starfa fyrir bankann þar sem þeir eru forsenda áframhaldandi vaxtar og sterkrar stöðu bankans jafnt á heimamarkaði sem erlendis. Í þessum tilgangi hefur Landsbankinn gert samninga við starfsmenn sem geriri þeim kleift að kaupa hluti í bankanum og í því skyni gefið út og endurnýjað valrétt sem miðast við að nýtingarverð valréttarins skuli ætíð samsvara markaðsvirði á þeim degi sem valréttur er veittur og verði virkur, boðið lán í samræmi við almennar reglur til að fjármagna kaupin og skuldabréf með breytirétti. Við framkvæmd á framangreindu markmiði bankans geta valréttir starfsmanna á hverjum tíma numið í heild allt að 1.600 milljónum útgefinna hluta bankans. Kaupverð og nýtingarverð valréttar skal samsvara markaðsvirði á þeim degi sem rétturinn er veittur og verður virkur. Síðan er starfskjarastefnan. Starfskjarastefna Landsbankans hér að neðan byggir á meginreglum sem gilda um góða stjórnhætti fyrirtækja og langtímasjónarmið um vöxt og háþróun arðsemi fyrir hluthafa bankans. Bankaráðsmenn fá greidda fasta þóknun fyrir störf sín. Þóknun hvers bankaráðsmanns og varamanna skal ákveðin á aðalfundi bankans og greiðist í samræmi við launagreiðslur til almennra bankastarfsmanna. Starfskjör bankaráðsmanna skulu taka mið af þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir, því flókna umhverfi sem Landsbankinn starfar nú í. Þeim kjörum sem almennt gerast um slík störf á fjármálamarkaði í þeim löndum sem við höfum starfsemi í og því vinnuframlagi sem þörf er á starfsins vegna. Bankaráðsmenn sem sitja í endurskoðunarnefnd og kjaranefnd skulu fá greidda fasta þóknun fyrir störf sín. Á aðalfundi skulu bornar upp til samþykkis tillögur um launakjör bankaráðs og nefnda þess fyrir komandi rekstrarár. Starfskjör bankastjóra Landsbankans byggjast á ráðningarsamningum. Taka kjörin meðal annars mið af ábyrgð og eðli starfans í ljósi stærðar og umsvifa bankans, þeim starfskjörum sem almennt gerast á fjármálamörkuðum í þeim löndum sem bankinn hefur starfsemi í og þeim rekstrarárangri sem bankinn nær. Starfskjör bankastjóra geta verið samansett af föstum launum, árangurstengdum greiðslum í reiðufé og hlutabréfum, valréttum, skuldabréfum með breytirétti, lífeyrisréttindum og eftirlaunaréttindum. Á aðalfundi bankans skulu hluthafar upplýstir um heildarfjárhæð greiddra launa til

bankaráðsmanna og bankastjóra á liðnu starfsári. Föst laun, fjárhæð árangurstengdra launa, greiðslur í formi hlutabréfa, valréttar, forkaupsréttar. Greiðslur frá öðrum félögum í samstæðu bankans og starfslokagreiðslur til þeirra sem látið hafa af störfum á árinu. Og var tillagan samþykkt samhljóða. Og að síðustu, síðasta tillagan það er 9. dagskrárliður, ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil. Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun til bankaráðsmanna fyrir tímabilið frá aðalfundi 2007 til aðalfundar 2008 skyldi vera krónur 350 þúsund á mánuði greitt í samræmi við launagreiðslur til bankamanna. Þóknun bankaráðsformanns skyldi vera þrefalt hærri en þóknun bankaráðsmanns og þóknun varaformanns bankaráðs skyldi vera tvöfalt hærri en þóknun bankaráðsmanns. Þóknun til varamanna skyldi vera 100 þúsund krónur fyrir hvern setinn fund. Þar að auki verði þeim bankaráðsmönnum sem sitji í endurskoðunarnefnd og kjaranefnd bankaráðs greiddar 150 þúsund krónur á mánuði fyrir setu í hverri nefnd en þóknun formanns hvernar nefndar væri þreföld sú fjárhæð og var tillagan samþykkt samhljóða. 10. dagskrárliður, undir önnur mál. Með leyfi fundarstjóra tók Sigurður Jónsson til máls og fjallaði um lífeyrismál. Þá kom Jafet Ólafsson í pontu, tók til máls og þakkaði stjórn og stjórnendum bankans fyrir vel unnin störf á liðnu ári og fleira var ekki rætt á fundinum. Skýrsla formanns eins og fram kom áðan hjá Kjartani, skýrsla formanns bankaráðs samkvæmt fyrsta dagskrárlið og glærukyningar bankastjóra samkvæmt öðrum dagskrárlið eru í heild sinni fylgiefni með fundargerðinni. Þannig farið fram. Takk. (klappað)

Kjartan Gunnarsson: Ég þakka fundarritaranum fyrir góð og öflug störf, það er með ólíkindum hvað honum tekst að þjappa þessu mikla efni saman. Nú er einhver athugasemd við fundargerðina? Svo er ekki, ég lít þá svo á að hún sé samþykkt en hún liggur auk þess frammi á skrifstofu bankans 2 næstu vikur. Nú fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Ég þakka bankastjórum og formanni bankaráðs fyrir greinargóðar upplýsingar um starfsemi Landsbankans á síðastliðnu starfsári. Ég þakka fundarmönnum fyrir góða fundarsetu og öfluga þátttöku í störfum fundarins. Landsbankinn býður fundarmönnum að þiggja veitingar hér frammi að fundinum loknum. Fundinum er slitið. (klappað)